# LÖGREGLUMAÐURINN




- **Að laga sig að breytingum**
- **Skýrsla tekin með fæðingarhjálp**
- **Lögreglustöðin á Akureyri**

3/2004

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

## REYKJAVÍK

Aðföng, Skútuvogi 7
Allrahanda hópferðabílar ehf., Höfðatúni 12
Altex ehf (Margaretha), Kringlunni 7
Alþýðusamband Íslands, Sætúni 1
Auto-Reykjavík, Knarrarvogi 2
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2
B.M. Vallá hf., Bíldshöfða 7
Bifreiðabyggingar sf., Ármúla 34
Bifreiðastjórafélagið Frami, Fellsmúla 24-26
Bílaberg sf, Tangarhöfða 6
Bílaleigan AKA ehf., Vagnhöfða 25
Bílfang ehf, Malarhöfða 2
Björgun ehf., Sævarhöfða 33
Blue Cargo, Héðinsgötu 1-3
Brynjólfur Eyvindsson hdl, Kringlunni 7,
Bræðurnir Ormsson ehf., Lágmúla 9
BSRB, Grettisgötu 89
Bændasamtök Íslands, Hagatorgi
Carpe diem, Rauðarárstíg 18
Cyrus ehf., Grandavegi 45
DAC ehf., Skeifunni 11d
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Arnarhvoll
Dreifing ehf., Vatnagörðum 8
Dubliner, Hafnarstræti 4
Dynjandi ehf., Skeifunni 3h
E.T. Einar og Tryggvi ehf., Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Efnalaugin Glitra hf., Rauðarárstíg 33
Efnalaugin Úðafoss sf., Vitastíg 13
Ellen Ingvadóttir lögg. dómtúlkur og skjalþýðandi, Laugavegi 163a
Félagsbústaðir hf., Hallveigastíg 1
Fiskbúðin Árbjörg ehf., Hringbraut 119
Fold fasteignasala ehf., Laugavegi 170, 2. hæð
Fraktlausnir ehf., Skútuvogi 12e
Framsóknarflokkurinn, Hverfisgötu 33
Fríða amma ehf., Bíldshöfða 18
Frjó hf., Stórhöfða 35
G.G. Gunnar Guðmundsson hf., Dugguvogi 2
Gagnaeyðing ehf., Skútuvogi 13
Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14
Gámaþjónustan hf., Súðarvogi 2
Gjögur hf., Tómasarhaga 46
Glaumbar ehf., Tryggvagötu 20
Grant Thornton endurskoðun, Suðurlandsbraut 20
Guðmundur Jónasson ehf., Borgartúni 34
Gústaf Þór Tryggvason hrl., Tjarnargötu 10d Box 1067
H.B. Grandi hf., Norðurgarði 1
Hafrót ehf, Armúla 5
Hampiðjan hf., Bíldshöfða 9
Happahúsið, Kringlunni 4-12
Harley Davidson Íslandi ehf., Grensásvegi 16
Háfell ehf., Krókhálsi 12
Hátækni ehf., Ármúla 26
Hekla hf., Laugavegi 170-174
Hersir, ráðgjöf og þjónusta, Suðurlandsbraut 12
Héraðsdómur Reykjavíkur, Dómshúsinu v/ Lækjartorg
Hitastýring hf., Þverholti 15a
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns, Hátúni 2a
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna, Ármúla 38
Hlölli, Þórðarhöfða
Holtakráin, Kirkjustétt 2-6
Hrafnista D.A.S., Laugarási
Hugver ehf., Vitastíg 12
Innheimtustofan Höfðabakka 9, Höfðabakka 9 - 6.hæð
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9, 2.hæð
Internet á Íslandi hf. - ISNIC, Dunhaga 5
Ísbúðin Álfheimum ehf, Fákafeni 9
Ísdekk ehf., Tunguhálsi 8
Íslenska umboðssalan hf., Krókhálsi 5 F
Íslenska útvarpsfélagið hf., Lynghálsi 5
Jón Egilsson lögmannsstofa, Knarrarvogi 4
Juris - Lögfræðiskrifstofan Suðurlandsbraut 6, Suðurlandsbraut 6 4 hæð
Kemis ehf., Breiðhöfða 15, box 9351
Knattspyrnusamband Íslands, Laugardal
Kringlubón, Kringlunni 4
Körfuberg ehf., Holtaseli 20
Lagastoð hf., Lágmúla 7
Lagaþing sf, Túngötu 14
Landar ehf., Grandagarði 16
Landssamband íslenskra verzlunarmanna, Kringlunni 7
Langholtskjör, Langholtsvegi 176
Laugarásvideó ehf., Dalbraut 1-3
Listasafnið Hótel Holt ehf., Bergstaðastræti 37
Lækjarbrekka, Bankastræti 2
Lögfræðiskrifstofa Atla Gíslasonar, Ingólfsstræti 5
Lögfræðistofa Sóleyjargata 17 sf., Sóleyjargötu 17
Löggildingarstofa, Borgartúni 21
Lögmannsskrifstofan Fortis ehf, Laugavegi 7
Lögmenn Höfðabakka, Höfðabakka 9
Lögmenn Laugardal ehf., Suðurlandsbraut 4a
Lögreglustjórinn í Reykjavík, Hverfisgötu 113
Lögskil ehf., Suðurlandsbraut 48
Markaðsnefnd Mjólkuriðnaðarins, Bitruhálsi 2
Múr- og málningarþjónustan Höfn ehf., Réttarhálsi 2
Myndhraði, Hraunbæ 102
Nesradíó ehf., Síðumúla 19
NTC hf., Laugavegi 91
Nýi ökuskólinn ehf., Klettagörðum 11
Næsti bar, Ingólfsstræti 1a
Offsetfjölritun ehf., Brautarholti 3
Osta- og smjörsalan, Bitruhálsi 2
Ottó B. Arnar ehf., Ármúla 29
Poulsen ehf., Skeifan 2
Pústþjónustan Ás ehf, Nóatúni 2
Rafönninn ehf., Suðurhlíð 35
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, Hofsvallagötu 53
Rauðará steikhús, Rauðarárstíg 37
Rekstrarfélagið Kringlan, Kringlunni 4 -12
Reykjavíkurhöfn, Tryggvagötu 17
Ríkislögreglustjórinn, Skúlagötu 21
Ræsir hf., Skúlagötu 59
S.Í.B.S., Síðumúla 6
Samfylkingin, Austurstræti 14, 5 hæð
Securitas hf., Síðumúla 23
Sesarvídeó, Grensásvegi 14
Silkiprent og fánar ehf, Dverghöfða 27
Símaþjónustan ehf., Laugavegi 103
Sjólagnir ehf., Stórhöfða 27
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins, Skógarhlíð 14
Smári Einarsson ehf., Þverholti 24
Smith & Norland hf., Nóatúni 4
Smurstöðin, Fosshálsi 1, Fosshálsi 1
Sorphirðan, Gufunesvegi
Sportbarinn ehf., Álfheimum 74
Sportbitinn Egilshöllinni, Fossaleyni 1
Sportvörugerðin hf., Skipholti 5
Steingrímur Þormóðsson - Lögm. Árbæ, Nethyl 2
Stilling hf., Kletthálsi 5
Suzuki Bílar hf., Skeifunni 17
Tollstjórinn í Reykjavík, Tryggvagötu 19 box 5029
Tollvarðafélag íslands, Grettisgötu 89
Uppdæling ehf., Fosshálsi 1
Urð og Grjót, Vesturási 58
Utanríkisráðuneytið, Rauðarárstíg 25
Vagnar og þjónusta hf., Tunguhálsi 10
Vaka hf., Eldshöfða 6
Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3
Veiðarfærasalan Dímon ehf., Austurbugt 5
Veiðihúsið Sakka ehf., Hólmaslóð 4
Veitingahúsið Hornið, Hafnarstræti 15
Verðbréfastofan hf., Suðurlandsbraut 18
Vélaborg ehf, Krókhálsi 5f
Vélar og verkfæri ehf., Skútuvogi 1c
Vélasalan ehf., Ánanaustum 1
Vélaver hf., Lágmúla 7
Vélsmiðjan Járnverk hf., Bíldshöfða 18
Vitabar , Langagerði 116
Vífilfell hf., Stuðlahálsi 1
Vörulagerinn ehf., Ingólfstorgi 1
Öryggiseftirlit PD ehf., Krókhálsi 5a

## SELTJARNARNES

Auðunn og Hafsteinn ehf., Sævargörðum 4
Bæjarins bezta ehf, Bollagörðum 11
Nesdekk ehf., Suðurströnd 4
Rauða Ljónið, Eiðistorgi 13-15
Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

## VOGAR

Eggjabúið Nesbú, Vatnsleysuströnd
Silungur ehf., Vatnsleysa
Steinhreinsun ehf., Aragerði 8
V.P. Vélaverkstæðið ehf., Iðndal 6
Vatnsleysustrandarhreppur, Iðndal 2

## KÓPAVOGUR

Arnarverk ehf, Kórsölum 5
Baader Ísland ehf., Hafnarbraut 25
Barkasuða Guðmundar ehf., Vesturvör 27
Bifreiðaverkstæðið Toppur, Skemmuvegi 34
Bílaleigan Víkingur, Furuhjalla 10
Bílljöfur bifreiðaverkstæði ehf., Smiðjuvegi 68-70
Bílstál ehf, Askalind 3
Bílvogur ehf., Auðbrekku 17
Blikkás - Funi ehf., Skemmuvegi 36 blei
Blikksmiðja Einars ehf., Smiðjuvegi 4b græn gata
Borgarvirki ehf., Hjallabrekku 22
Brimgljái ehf., Vallartröð 5
Flugkerfi, Hlíðasmára 10
G.T. Óskarsson ehf., Vesturvör 23
Heildverslunin Lín hf., Akralind 3
Húsaklæðning ehf., Skemmuvegi 44
Íslandsspil sf., Smiðjuvegi 11a
J.S. Veitingar ehf, Nýbýlavegi 10
Jarðvélar ehf, Bakkabraut 14
Júmbó ehf., Kársnesbraut 112
KB ráðgjöf, Hlíðasmára 17
Klettur, verktakar, Hlíðarvegi 55
Kópavogsbær, Fannborg 2
Krókur, Skeljabrekku 4
Kynnisferðir - Flugrútan, Vesturvör 6
Lyra sf., Hlíðarsmára 11
Lögfræðistofa Jóhanns Baldurssonar, Holtasmára 1
Panelofnar ehf., Smiðjuvegi 1
Partasalan, Skemmuvegi 32 bleik gata
Pétur Jónsson ehf., Dalvegi 26
Player´s Sportclub, Bæjarlind 4
Rafmiðlun ehf., Auðbrekku 2
Rafport ehf., Nýbýlavegi 14
Reynir bakari ehf., Dalvegi 4
Réttingaverkstæði Jóa ehf., Dalvegi 16a
Ræstingaþjónustan sf., Smiðjuvegi 16
Sérverk ehf., Akralind 6
Slitlag ehf., Blikahjalla 13
Smári söluturn, Dalvegi 16c
Stífluþjónustan ehf., Kársnesbraut 57
Sýslumaðurinn í Kópavogi, Dalvegi 18
Toyota - P. Samúelsson hf., Nýbýlavegi 8
Tölvuvirkni ehf., Hlíðasmára 13
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf., Hamraborg 11
Þyrluþjónustan ehf., Hlíðarvegi 3

## GARÐABÆR

10-11/Hraðkaup, Lyngási 17
66°Norður Sjóklæðagerðin hf., Miðhrauni 11
Ásgeir Einarsson ehf., Garðaflöt 37

# Efnisyfirlit


Formannshornið
Hermann Karlsson 4
Viðtalið
Sigurbergur Theodórsson 5
Sýnataka vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna eða lyfja
Svava Þórðardóttir 6
Lögregluskólinn
Eiríkur Hreinn Helgason
og Gunnlaugur V. Snævarr 9
Að laga sig að breytingum
Eiríkur Hreinn Helgason 11
IPTM- Institute of police Technology and Management
Steinar Gunnarsson 13
Samninganefnd LL á námskeiði 17
Norræn sakamál 2004
Skeljungsránið 18
Skýrsla tekin með fæðingarhjálp
Leifur Halldórsson 19
Kjaramálafundir 21
Úr umferð, nýjar reglur
Brynhildur Georgsdóttir 22
Reynslumerki, nýjar reglur
Umferðarstofa 23
Norræn sakamál 2004
Þegar áfallið reið yfir 24
Glostruplögreglan
1. apríl – 30. júní
Pétur Björnsson 25
Endurbætur á lögreglustöðinni
á Akureyri 28
Lögreglukerfið
Árni Albertsson 30
Viðtalið
Vignir Örn Oddgeirsson 32
Nýr framkvæmdastjóri LL 33
Íþróttaefni 34
Dagpeningar og akstursgjald 37
Launatafla 38



# LÖGREGLUMAÐURINN

RIT UM STÉTTAR- OG STARFSMÁLEFNI LÖGREGLUMANNA


Leiðari

## Áfallahjálp fyrir þá sem misstu af...

Það reka margir upp stór augu þegar ég segi þetta en ég er þeirrar skoðunar að þetta sé að verða stækkandi vandamál og þá ekki bara hjá lögreglu heldur nánast öllum viðbragðsaðilum.

Málið er að þegar eitthvað stórt gerist þá spretta þeir upp sem ekki tóku þátt, voru ekki á vakt eða voru ekki kallaðir til og gagnrýna hástöfum aðgerðir þeirra sem unnu að viðkomandi verkefni. Oftar en ekki er þessi gagnrýni án þess að menn hafi kynnt sér málið til hlýtar og stundum í framhaldi af því að þeir lásu eða sáu eitthvað um málið í fjölmiðlum. Menn mæta síðan í vinnu, hitta á vinnufélagana sem voru í einhverju stóru máli og byrja strax að gagnrýna og á stundum að skammast yfir því hvernig menn stóðu að verkefninu. Dettur einhverjum heilvita manni það í hug að menn fari ekki í verkefni af heilum hug og geri sitt besta þegar oft á tíðum líf og limir liggja við eða mikið eignatjón blasir við.

Ég sjálfur hef svo sem fallið í þessa gryfju en sem betur fer er ég orðinn meðvitaður um þetta og tel mig hin síðari ár hafa náð að passa mig.

Ég hef nú séð um útgáfu Lögreglumannsins í 5 ár og hefur gengið á ýmsu. Ég hef áður skammast yfir því hve illa gengur að fá efni en nú ætla ég að þakka þeim fyrir sem hingað til hafa skrifað í blaðið og vona að framhald verði á. Eins vil ég þakka fyrir myndir sem ég hef fengið. Er ekki á neinn hallað þegar ég þakka Júlíusi Sigurjónssyni og svo tæknideild lögreglunnar í Reykjavík sérstaklega fyrir þeirra framlag. Framkvæmdastjórn LL hefur viðrað þá hugmynd að fækka blöðunum niður í 2 á ári en ég hef sagt að fyrr eigi menn að skoða útskipti á ritstjóra. Úr varð að við höldum áfram að stefna á útgáfu þriggja blaða á ári og er stefnt að því að fyrsta blað komi út fyrir 1. apríl, annað blað fyrir 1 ágúst og þriðja blað fyrir 1. desember ár hvert. Lögreglumaðurinn er prentaður í um 1.900 eintökum og eru lögreglumenn og stofnanir þeim tengdar um 900, auglýsendur um 4-600 en afgangnum af blöðunum er svo dreift á biðstofur og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Ef það eru einhverjir sem hafa áhuga á að fá blaðið sent til sín í hvert skipti og það kemur út þá sendið mér bara tölvupóst og við bætum ykkur á póstlistann. Eins hafa síðustu 2 tölublöð verið aðgengileg í tölvutæku formi á vef Lögreglufélags Reykjavíkur og stefnt er að því að svo verði einnig á vef Landssambandsins.

*Gleðilega hátíð.*
*Guðmundur Fylkisson*


Forsíðan. Lögreglumenn á Ísafirði við óhefðbundin störf

Teikning: Pétur Guðmundsson

Umbrot, prentun og bókband: *Ísafoldarprentsmiðja ehf.*

Útgefandi: Landssamband lögreglumanna.
Umsjón: Guðmundur Fylkisson (g.fylkis.fml@rls.is)
Ábyrgðarmaður: Óskar Bjartmarz.
Ritnefnd: Erna Sigfúsdóttir, Jón Svanberg Hjartarson, Þórhallur Árnason, Stefanía Vigfúsdóttir, Guðmundur Fylkisson.
Netfang: ll@bsrb.is
Prófförk: Atli Steinn Guðmundsson

Hermann Karlsson

# Formannshornið

„Góðan daginn, ég er starfsmaður Vegagerðarinnar í umferðareftirliti með ákveðnum þáttum umferðarlaganna“ þetta verða þau orð sem ökumenn vöru- og hópbifreiða koma til með að heyra frá og með áramótum. Í kjölfar breytinga á umferðarlögum sl. vor á Alþingi hefur starfsmönnum Vegagerðarinnar verið veitt sérstök heimild til stöðvunar ökutækja til þess að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækisins, á ökuritakorti eða með öðrum hætti. Næsta skref verður kannski það að veita dyravörðum skemmtistaða heimild til afgreiðslu á ákveðnum málum sem þar kunna upp að koma, s.s. skilríkjamálum, handtökum og leit á fólki þar sem grunur er um fíkniefnamisferli!.

Margur lögreglumaðurinn áttar sig kannski ekki á því hvert ég er að fara en þetta er nú samt bara staðreynd sem blasir við og frá og með áramótunum 2004-05 mun samstarf Vegagerðar og lögreglu um eftirlit með vöru- og hópbifreiðum sem og almennt umferðareftirlit heyra sögunni til og munu starfsmenn Vegagerðarinnar sjá einir um það í framtíðinni.

Samstarf Vegagerðar og lögreglu um þetta eftirlit á sér langa sögu og að vissu leyti skrautlega og hefur margt drifið á daga þeirra manna sem sinnt hafa þessu starfi. Í upphafi árs 2001 tók þetta samstarf á sig þá mynd sem það er í dag. Gerðar voru út merktar lögreglubifreiðar, merktar lögreglu og Vegagerð, og sá Vegagerðin um rekstur bifreiðanna.

Veit ég ekki betur en að samstarf þetta hafi gengið með ágætum þó svo að það sé mín skoðun að þessi málaflokkur eigi alfarið að vera á höndum lögreglu en nú leggst það alveg á hinn veginn, störfum okkar lögreglumanna fækkar og höggvið er skarð í starfsvettvang sem hefur heyrt undir okkur.

Nú að nýloknu Umferðarþingi sem haldið var í Reykjavík stóðu nokkuð skýr skilaboð eftir að mati forystumanna umferðarmála hér á landi. Til að fást við stærstu umferðarvandamálin, hraðakstur og litla öryggisbeltanotkun, þyrfti að fjölga lögreglumönnum til mikilla muna, þá aðallega á þjóðvegum landsins. Staðreyndin er hins vegar sú að hin leiðin er farin, það er fækkað, hversu skynsamlegt það kann að vera. Með þessum breytingum er einnig horfin fyrir bí sá rökstuðningur sem fyrrverandi dómsmálaráðherra, Sólveig Pétursdóttur, hafði er hún hélt því fram í skýrslu til Alþingis í apríl 2002 að lögreglumönnum á þjóðvegum úti hefði fjölgað en ekki fækkað eins og lögreglumenn vildu meina. Þess má geta að samkvæmt ársskýrslu Ríkislögreglustjóra fyrir árið 2003 skilaði samstarf Vegagerðar og lögreglu um 1300 málum.

Hvað þýðir þessi breyting?. Þegar stórt er spurt þá er oft lítið um svör en að mínu áliti þá eiga eftir að koma upp ansi skondnar aðstæður þegar starfsmenn Vegagerðarinnar sem þessu sinna verða þess áskynja í afskiptum sínum af ökumönnum að ekki er allt með feldu en heimild þeirra til afskipta nær ekki yfir þann brotaflokk sem við á. Hvað gera þeir?, jú þeir hljóta að hringja í lögregluna og óska aðstoðar hennar við afgreiðslu málsins. Skiptir þá engu hvort að næsta lögreglustöð sé í nágrenni við vettvang eða í óralangri fjarlægð.

Hvort að þetta sé aðeins fyrsta skrefið í að „lögregluvæða“ Vegagerðina veit ég ekki en þegar tilkynnt var í lok október 2003 að yfirstjórn umferðarmála færi frá dómsmálaráðuneyti yfir í samgönguráðuneyti þá skömmu síðar sögðu mér illar tungur að það gæti breytt landslagi okkar lögreglumanna sem nú er orðin raunin á.

Ljóst er að hérna er um áhyggjuefni að ræða fyrir okkur lögreglumenn því að hvert sæti skiptir máli og allar svona breytingar án sýnilegra ástæðna og rökstuðnings falla okkur illa í geð.

Megið hafa gleðileg jól og farsæld á komandi kjarasamningsári.

*Hermann Karlsson*
*varaformaður LL*






**Lögreglumenn athugið!**

Að Felli í Biskupstungum er til leigu gott geymslurými fyrir hjólhýsi og tjaldvagna.

•

**Allar upplýsingar gefur Elín í síma**

**821-6120**


## Viðtal

**Nafn:**
# Sigurbergur Theodórsson

**Staða: Aðalvarðstjóri**

**Lögregluembætti: Keflavíkurflugvöllur**

**Lögreglumaður síðan: 1991**



**Dagur í vinnunni:** Fjölmörg og fjölbreytt verkefni bíða lögreglumanna í almennri deild á Keflavíkurflugvelli á hverjum degi. Til dæmis hliðvarðsla, sameiginlegt eftirlit með herlögreglu, umferðarstjórn við flugstöðina, almennt eftirlit á varnarsvæðinu og Reykjanesbrautinni, vopnuð gæsla á flugstöðvarsvæðinu, vegabréfaskoðun, líkamsþjálfun, skotþjálfun, vöktun öryggiskerfa flugstöðvarinnar og margt fleira.

**Framtíðarsýnin:** Á Keflavíkurflugvelli eru menn bjartsýnir enda hafa verkefni lögreglumanna embættisins aukist á síðustu árum og fjölbreytni verkefna orðin mikil. Þar sem farþegum sem fara um flugvöllinn fjölgar ört aukast verkefni lögreglumanna samfara því.

**Hlynntur eða andvígur sameiningu lögregluembætta á þínu svæði:** Ég er hlynntur sameiningu lögregluembætta því að þannig er hægt að ná fram hagræðingu.

**Kjarasamningarnir:** Í síðustu samningum náðist góður árangur þegar lífeyrisþegaaldurinn var færður niður í 65 ár. Ég vill ganga ennþá lengra og ná lífeyrisþegaaldrinum í 60 ár og yrði frábært að ná aldrinum niður um 1 - 2 ár í komandi samningum. Einnig myndi ég vilja sjá að greitt yrði vaktarálag á aukavaktir unnar utan dagvinnutíma.

**Einkennisbúningurinn:** Tímabært er að bæta ensku merkingunni POLICE á búninginn. Einnig er ég hlynntur því að á heitum sumardegi verði bindinu lagt og hne ppt frá efstu tölunni á skyrtunni.



*Frá flugslysaæfingu á Keflavíkurflugvelli.*

Svava Þórðardóttir

# Sýnataka vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna eða lyfja

Akstur undir áhrifum fíkniefna og lyfja er vaxandi vandamál á Íslandi, eins og í öðrum löndum. Lykillinn að því að rannsókn slíkra mála gangi fljótt og örugglega er góð sýnataka. Mikilvægt er því að bæði lögreglumenn og læknar sem taka þessi sýni viti hvaða sýni og hversu mikið þarf til að hægt sé að skila niðurstöðum og ljúka málinu með viðeigandi hætti. Efni eru mæld í blóði til að meta undir hvaða áhrifum viðkomandi einstaklingur var þegar sýnið var tekið og síðan er ástand og hæfni til aksturs metið út frá því. Nauðsynlegt er að staðfesta niðurstöður með tveimur mismunandi rannsóknaraðferðum svo fullkomlega öruggt sé að rétt efni hafi verið greint. Réttarefnafræðileg rannsókn krefst þess vegna meira magns af sýni en hefðbundnar lyfjamælingar, sem læknirinn sem tekur sýnið er vanari úr sínu starfi.

Okkur sem vinnum við rannsóknir á þessum málum finnst of algengt að ekki berist nægjanlegt magn sýna. Þetta er vandamál hjá bæði stórum og litlum lögregluembættum og kannski er ástæðan sú að ekki liggja fyrir nægar upplýsingar fyrir starfandi lögreglumenn. Þó við reynum oft að ná eins miklu og við getum út úr litlum sýnum, þá getur þetta orðið til þess að rannsóknin verður aldrei fullnægjandi og á þeim forsendum sleppur viðkomandi við ákæru vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna eða lyfja. Þessi mál tengjast líka oft umferðarslysum, með tilheyrandi eigna- og líkamstjóni og það getur blandað tryggingafélögum í málið vegna skaðabótaskyldu.

## Sýnataka

Tilgangur sýnatökunnar er að komast að því hvers vegna lögregla telur viðkomandi ökumann óhæfan til að stjórna ökutæki og/eða valdan að t.d. umferðaróhappi. Sýnatakan getur líka verið vegna annars konar brots. Reynslan hefur sýnt að fæstir af þeim einstaklingum sem sýni hafa borist úr nota einungis eitt lyf eða fíkniefni. Algengt er að í blóði greinist 2-5 mismunandi efni eða lyf sem öll geta haft áhrif á hæfni til aksturs. Þessa einstaklinga munar ekkert um það hvort teknir eru 5 eða 20 ml af blóði, það þarf hvort sem er að stinga þá og draga blóðið. Til leiðbeiningar er rétt að geta þess að venjuleg blóðglös vegna ákvörðunar á etanóli taka um 5 ml af blóði. Mikilvægast er þó að það er ekki hægt að taka meira sýni seinna!

Efni sem finnast í þvagi gefa gott yfirlit um það hvaða efni eða lyf viðkomandi hefur verið að nota og einnig er styrkur þessara efna í þvagi mun hærri svo auðveldara er að greina þau í miklu minna magni af þvagi. Þvagsýni (10-25 ml) með blóðsýnum gefur okkur möguleika á að staðfesta eða útiloka með einföldum hætti algengustu ávana- og fíknilyf og leita að öðrum lyfjum sem viðkomandi einstaklingur hefur verið að nota. Einföld greining í þvagi kostar margfalt minna en sérhæfð greining sama efnis í blóði. Þvagsýni gefur því möguleika á að draga verulega úr rannsóknarkostnaði, því einungis eru gerðar dýrar mælingar í blóði þar sem þess er þörf. Fyrir þá sem þurfa að hafa áhyggjur af rannsóknarkostnaði er hægt að taka sem dæmi að ef grunur er um amfetamínneyslu, sem síðan reynist ekki réttur, kostar tæpar 8.000 kr að fá neikvætt svar úr þvagsýni en rúmar 36.000 kr að fá

### Sýnataka vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna eða lyfja

**Nokkur mikilvæg atriði:**

– Nóg magn af blóðsýni (helst alls 20 ml þ.e. 3 glös vegna mælinga á fíkniefnum og lyfjum og 1 glas í alkóhólmælingu).

– Þvagsýni (10-25 ml). **Ódýr greining í þvagi getur lækkað rannsóknakostnað.**

– Senda þarf með sérstaka beiðni með atvikalýsingu og upplýsingum sem varða hugsanleg fíkniefni eða lyf, ásamt óskum um mat á hæfni til aksturs þar sem það á við.

– Nægilegt magn af sýni tryggir mæliniðurstöður sem eru staðfestar og auka líkur á að hægt sé að ljúka málinu með viðunandi hætti.

– Stöðugleiki nokkurra lyfja og fíkniefna í blóðsýnum er takmarkaður og því má ekki dragast úr hófi að senda sýni til rannsóknar.

## Magn blóðs sem þarf til greiningar, magnákvörðunar og staðfestingar á nokkrum algengum efnum:

Kannabisefni (Hass): 6 ml
Amfetamín og skyld efni (þar með talið Ectasy): 1-2 ml
Benzódíazepínsambönd (róandi lyf og svefnlyf): 2-3 ml
Kókaín: 1-2 ml
Morfín, kódein og fleiri verkjalyf: 1-2 ml
Geðlyf: 1-2 ml

neikvætt svar úr blóðsýni. Það ætti því að vera til þess vinnandi að reyna að ná þvagsýni frá öllum einstaklingum sem grunaðir eru um akstur undir áhrifum fíkniefna og lyfja.

### Endurtekning mælinga

Rétt er að hafa í huga að í nokkrum hluta mála vegna ölvunaraksturs er beðið um endurtekningu á mælingum. Enn sem komið er er afskaplega fátítt að beðið sé um endurtekningu á mælingum á öðrum efnum eða lyfjum, en ef til þess kemur þarf að vera til afgangur af sýni til endurtekningar. Sá hluti sýnis sem ekki er notaður í mælingar er geymdur í eitt ár í frysti á rannsóknastofunni og er þá tiltækur til hugsanlegra endurtekninga á mælingum ef þess gerist þörf.

### Að lokum

Að lokum er rétt að geta þess að eitt lögregluembætti hefur verið til fyrirmyndar í þessum málum. Þetta er embætti sýslumannsins í Árnessýslu, sem stendur sig sérlega vel hvað varðar sýnatöku. Frá þeim koma yfirleitt 4 blóðglös ásamt þvagsýni og rannsókn mála frá þeim gengur fljótt og örugglega. Lítið magn sýnis sem á að mæla margt í krefst meiri vinnu og minkar greiningarhæfni. Jafnvel þarf að velja úr hvað á að mæla og þá eykst hættan á að ekki komi fram atriði sem í raun skipta máli. Okkur finnst ekki gott að geta ekki lokið málum, eða að þurfa að neita mælingum.

Okkur starfsfólki á Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er sönn ánægja að gefa nánari upplýsingar og leiðbeiningar um sýnatöku og hversu mikið þarf í mismunandi mælingar.

Með ósk um áframhaldandi gott samstarf.

*Höfundur er lyfjafræðingur*
*Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði*

**Dæmi:** Hass og amfetamín eru algeng ólögleg efni hér á landi. Þeir sem nota amfetamín reglulega nota líka yfirleitt róandi lyf og svefnlyf til að ná sér niður. Ef svona „venjulegur" fíkniefnaneytandi væri nú stöðvaður á bíl af lögreglu, væri nauðsynlegt að taka að minnsta kosti 11 ml af blóði til greiningar á amfetamíni, kannabisefnum og róandi lyfjum. Minna magn af sýni þýðir ófullnægjandi rannsókn.

**Dæmi frá s.l. sumri:** Stór útihátíð haldin í umdæmi lögregluembættis. Nokkrum dögum seinna koma 2 beiðnir um rannsókn á blóðsýnum vegna gruns um akstur undir áhrifum lyfja. Magn sýnis í báðum tilvikum var eingöngu 5 ml af blóði. Þar með var strax víst að ef þessir einstaklingar hafa verið undir áhrifum kannabisefna, var ekki mögulegt að gera slíka rannsókn vegna þess að sýnið var ekki nóg og málið þar með ónýtt.






# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

Dráttarbílar, Skeiðarási 4

Eðalvagnaþjónustan ehf., Hegranesi 23

Garðablóm, Garðatorgi 3

Gluggar og garðhús ehf., Smiðsbúð 10

Ísafoldarprentsmiðja ehf., Suðurhrauni 3

Kaffi Nauthóll, Ásbúð 63

Nýbarði hjólbarðaverkstæði ehf., Goðatúni 4

Rásin sf., Hegranesi 21

Studióbílar ehf., Smiðsbúð 2

Sælgætis og Videóhöllin, box 333

Vefur ehf., Hagaflöt 2

## HAFNARFJÖRÐUR

Actavis hf., Reykjavíkurvegi 76

Ás - fasteignasala ehf., Fjarðargötu 17

Bifreiðaverkstæðið Loki sf., Flatahrauni 5b

Bílaleigan Atlas Greiði ehf., Dalshrauni 9

Eiríkur og Einar Valur hf., Þúfubarði 19

Feðgar ehf. - Byggingaverktakar, Fjóluhlíð 13

Fínpússning ehf., Íshellar 2

Fjarðargrjót ehf, Furuhlíð 4

Fura ehf., Hringhellu 3 box 491

Gler og speglar hf., Dalshrauni 5

Hafnarbakki hf. v/ Suðurhöfnina, Óseyrarbraut 8

Hlaðbær Colas hf., Hringhellu 6

Hópbílar hf., Melabraut 18

Hurðir og gluggar hf., Kaplahrauni 17

Hvalur hf., Reykjav.veg 48 Box 233

Japanskar-vélar ehf., Dalshrauni 26

Jeppahlutir 4X4 ehf., Íshellu 4

Jolli hf., Helluhrauni 1

KM Byggingar, Miðvangi 41

Kvikmyndahúsið ehf., Trönuhrauni 1

Lögmenn Hafnarfirði ehf., Reykjavíkurvegi 60

Lögmenn Thorsplani sf., Fjarðargötu 11

Námsflokkar Hafnarfjarðar-Miðstöð Símenntunnar, Brekkugötu 2

Nýsir hf., Flatahrauni 5

Pennzoil - smurstöð, Hjallahrauni 4

Rafgeymasalan ehf., Dalshrauni 17

Raf-x ehf., Kaplahrauni 7a

Spennubreytar, Trönuhrauni 5

Steinsteypusögun ehf., Stapahrauni 6

Suðurverk hf., Drangahrauni 7

Suzuki umboðið ehf, Kaplahrauni 1

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði, Bæjarhrauni 18

Tilveruveitingar, Linnetstíg 1

Útfararþjónusta Hafnarfjarðar, Stapahrauni 5

Útvík ehf., Eyrartröð 7-9

Varahlutaþjónustan sf, Íshellu 4

Viking björgunarbúnaður, Hvaleyrarbraut 27

Bessastaðahreppur,

Bókasafn Álftaness, Í Álftanesskóla

## KEFLAVÍK

A. Óskarsson ehf., Heiðargerði 8

Bifreiðaverkstæði Árna Heiðars, Túngötu 16

Blikksmiðja Ágústs Guðjónssonar hf., Vesturbraut 14

Brautarnesti, Hringbraut 93b

Hjólbarðaþjónusta Gunna Gunn., Hafnargötu 86

Íslenska félagið ehf. / Ice group. ltd., Hafnargötu 90 box 191

Lögfræðistofa Suðurnesja ehf., Hafnargötu 29

Málverk sf., Skólavegi36

Nesprýði ehf, Vesturbraut 10-12

OSN lagnir ehf., Iðavöllum 4b

Pizza 67, Hafnargötu 30

Plastgerð Suðurnesja ehf., Framnesvegi 21

Rafiðn ehf., Vikurbraut 1

Rekan ehf., Iðavöllum 5b

Reykjanesbær, Tjarnargötu 12

RV ráðgjöf, Efstaleiti 75

Skipting ehf., Grófinni 19

Smurstöð og hjólbarðaþjónusta Björns og Þórðar, Vatnsnesvegi 16

Soho Keflavík, Hafnargötu 61

Sólbaðs- og þrekmiðstöðin Perlan, Mávabraut 8b

Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12

Sýslumaðurinn í Keflavík, Vatnsnesvegi 33

Tölvuþjónusta Vals, Hringbraut 92

Umbrot ehf., Víkurbraut 13 box 162

Útfararþjónusta Suðurnesja, Vesturbraut 8

Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Keflavíkurflugvöllur,

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., Keflavíkurflugvelli

Flugþjónustan, Keflavíkurflugvelli,

Suðurflug ehf., Keflavíkurflugvelli

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, Grænási

## GRINDAVÍK

Aðal-Braut ehf, Víkurbraut 31

E.P. verk ehf., Vörðusundi 5

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur, Hafnargötu 9

Veitingahúsið Brim, Hafnargötu 9

Þorbjörn Fiskanes hf., Hafnargötu 12

## SANDGERÐI

Flugfiskur hf., Tjarnargötu 1-3

Nesmúr sf, Holtsgötu 26

## GARÐUR

Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Heiðartúni 2

Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

## NJARÐVÍK

Biðskýlið Njarðvík ehf., Hólagötu 20

Bílar GS sport, Brekkustíg 38

Bílar og hjól ehf, Njarðarbraut 11d

Bíliðn ehf., Njarðarbraut 17

Eldafl ehf, Fitjabraut 3

Pústþjónusta Bjarkars, Fitjabraut 4

Renniverkstæði Jens Tómassonar ehf., Fitjabakka 1c

Stapinn, Njarðvík

Toyota salurinn, Njarðarbraut 19

## MOSFELLSBÆR

Eyjólfur Sigurðsson ehf., Barrholti 9

Grillvagninn ehf, Melgerði

Hestalist ehf - Bobcatleigan., Flugumýri 14

Ísfugl ehf., Reykjavegi 36

Nýja bílasmiðjan hf, Flugumýri 20

Vélaleiga Guðjóns Haraldssonar, Markholti 14

## AKRANES

Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf., Dalbraut 6

Bílaröst ehf., Kalmansvöllum 3

Lögfræðistofa Vesturlands ehf., Sunnubraut 21

Sandblástur Sigurjóns ehf., Furugrund 39

Skilmannahreppur, Innri-mel 2

Slippfélagið Litaland, Þjóðbraut 1

Smurstöðin Akranesi sf., Smiðjuvöllum 2

Spölur ehf., Mánabraut 20

Sýslumaðurinn á Akranesi, Stillholti 16-18

Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf., Smiðjuvöllum 6

## BORGARNES

Bílasala Vesturlands sf., Höfðaholti 4

Geirabakarí, Sólbakka 11

JG vélar sf, Kveldúlfsgötu 18

Loftorka Borgarnesi ehf., Engjaási 2-8

Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf., Borgarbraut 61

Shellstöðin Borgarnesi, Brúartorgi 6

Sparisjóður Mýrasýslu, Borgarbraut 14

Velverk ehf, Ásbrún Kolbeinsstaðahrepp

Völundur Sigurbjörnsson, Fálkakletti 8

## STYKKISHÓLMUR

Ásklif ehf., Hjallatanda 6

## GRUNDARFJÖRÐUR

Ragnar og Ásgeir ehf., Sólvöllum 7

Snæþvottur ehf., Grundargötu 61

Sægarpur ehf, Sæbóli 34

## HELLISSANDUR

Esjar ehf, Hafnargötu 14

Hjallasandur ehf., Helluhóli 3

Skarðsvík hf, Munaðarhóli 10

Snæfellsbær, Snæfellsási 2

## BÚÐARDALUR

Mjólkursamlagið Búðardal, Brekkuhvammi 15

Sýslumaðurinn í Búðardal, Miðbraut 11

## KRÓKSFJARÐARNES

Jónsbúð ehf, Hellisbraut 72

Þörungaverksmiðjan hf., Reykhólum

## ÍSAFJÖRÐUR

Brattur ehf, Góuholti 8

Ferðaþjónusta Margrétar og Guðna ehf., Mánagötu 1

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Hafnarstræti 6

Hamraborg ehf., Hafnarstræti 7

Héraðsdómur Vestfjarða, Hafnarstræti 1

KNH ehf., Grænagarði

Lögsýn ehf., Hafnarstræti 1

Mjólkursamlag Ísfirðinga, Sindragötu 2

Pizza 67 Ísafirði, Hafnarstræti 12

Póllinn hf., Aðalstræti 9-11

Rörtækni hf., Sindragötu 12b

Sýslumaðurinn á Ísafirði, Hafnarstræti 1

Torfnes ehf. - Ísafirði, Urðarvegi 24

## HNÍFSDALUR

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf., Við Hnífsdalsbryggju

## BOLUNGARVÍK

Sýslumaðurinn í Bolungarvík, Aðalstræti 12

## SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 1-3

## FLATEYRI

Úlfar ehf., Drafnargötu 2

## PATREKSFJÖRÐUR

Sýslumaðurinn á Patreksfirði, Aðalstræti 92

## TÁLKNAFJÖRÐUR

Bókhaldsstofan Tálknafirði, Strandgötu 40

Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf., Miðtúni 3

Þórsberg ehf., Pósthólf 90

## BRÚ

Staðarskáli, Hrútafirði

Vélaverkstæði Sveins Karlssonar, Borðeyri

# Lögregluskólinn

## Framhaldsdeild

Starfsemi framhaldsdeildar Lögregluskólans hefur verið að mótast undanfarin ár og er nú svo komið að náðst hafa flest þau markmið sem stjórnendur Lögregluskólans settu sér fyrir 10 árum. Er þar fyrst að nefna að náðst hefur það takmark að bjóða öllum þeim sem starfað hafa í a.m.k. 5, 10 og 15 ár til símenntunarnámskeiðanna SÍM 1, SÍM 2 og SÍM 3. Á þessu ári voru haldin allmörg SÍM 3 námskeið fyrir lögreglumenn sem verið hafa 15 ár í starfi eða meira og tókst að fylla þau námskeið að mestu. Héðan í frá er stefnt að því halda hvert þessara námskeiða einu sinni á ári.

Þetta markmið náðist fyrir nokkru hvað varðar SÍM 1 og 2 en hefur nú einnig náðst fyrir SÍM 3. Það hefur verið mjög mikilvægt fyrir skólann að fá starfandi lögreglumenn til að koma á þessi námskeið því alveg eins og þeir koma í skólann til að fræðast, rifja upp og læra, þá skilja þeir eftir sig mikinn fróðleik sem starfsmönnum skólans er mikilvægur.

Annað mikilvægt markmið er í höfn en það er að bjóða upp á menntun fyrir stjórnendur. Eins og kunnugt er hefur skólinn staðið fyrir stórátaki í menntunarmálum stjórnenda. Nú þegar hafa verið útskrifaðir 42 stjórnendur með diploma í stjórnun lögregluliða og um miðjan júní 2005 verður næsti hópur útskrifaður, alls 23. Menntun þessi veitir stjórnendum almenna stjórnunarþekkingu auk þess sem tryggt var í þessu námi að þeir fræddust um atriði sem snúa sérstaklega að tilteknum þáttum í löggæslunni, t.d. um málefni útlendinga, rannsóknir afbrota o.s.frv. Ætlun skólans er að bjóða fyrst um sinn þeim sem þegar sinna tilteknum stjórnunarstörfum að sækja þetta nám en huga síðan í framhaldi af því að þeim sem lögreglustjórar vilja gera hæfa til að sækja um stjórnunarstöður eða þeim sem vilja af eigin frumkvæði sækja sér slíka menntun.



*Frá námskeiði Neyðarlínu og Fjarskiptamiðstöðvar.*

Á komandi ári mun skólinn síðan stíga næsta skref í menntun stjórnenda en það er að bjóða upp á stutt stjórnunarnám fyrir þá sem eru í lægsta stjórnunarstigi lögreglunnar, varðstjóra /rannsóknarlögreglumenn. Sett hafa verið á dagskrá þrjú vikulöng námskeið árið 2005 þar sem lögreglustjórum er boðið að senda þá sem eru í fyrrnefndu stjórnunarstigi. Námið fer fram í Lögregluskólanum. Það verða gerðar talsverðar kröfur til þeirra sem það sækja. Eftir að þessi þrjú námskeið hafa verið haldin verður efni þeirra endurskoðað.

Sérnámskeið eru, og verða vonandi í framtíðinni áberandi í starfsemi framhaldsdeildarinnar. Undir þann flokk heyra öll önnur námskeið en símenntun og stjórnunarmenntun og eðli máls samkvæmt er flokkurinn stór. Þar undir heyra t.d. námskeið fyrir rannsóknarlögreglumenn, námskeið um notkun tiltekinna lögreglutækja, námskeið um sérstaka tegund löggæslu ef svo má að orði komast eins og t.d. forvarnir, málefni útlend-



*Esjuferð nemenda.*

**Eftir að greinin var rituð var tekin ákvörðun um að fjölga nýnemum um 12 vegna fyrirsjáanlegrar vöntunar á menntuðum lögreglumönnum til starfa um næstu áramót. Það verða því 32 nemendur sem hefja munu nám við Lögregluskólann þann 5. janúar 2005.**

---

Albert Örn Sigurðsson
Ásbjörn Stefánsson
Börkur Árnason
Fjölnir Sæmundsson
Gunnar Þórarinsson
Haukur Árni Hermannsson
Hörður Sævar Harðarson
Magnús Páll Sigurjónsson
Ragnar Svanur Þórðarson
Selma Haraldsdóttir
Sigurður Árni Reynisson
Snorri Birgisson

inga eða annarra hópa o.s.frv. Lögreglumenn og lögreglustjórar eru eindregið hvattir til að eiga frumkvæðið að því að upplýsa stjórnendur Lögregluskólans um það hvers konar námskeið þörf er fyrir á þeim vettvangi en eins og hlýtur að liggja í augum uppi er framhaldsdeildin fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir lögregluna með það að meginmarkmiði að aðstoða við starfsþróun lögreglumanna og e.a. annarra starfsmanna lögreglunnar.

Það er fróðlegt að velta fyrir sér tölfræði en e.t.v. er ekki ástæða til að fara djúpt í hana í greinarkorni sem þessu en þó má benda á að mætingar á námskeið stefna í að verða hátt í 600 á þessu ári og þátttakendur hafa setið um 2.500 daga á skólabekk. Þetta eru allmörg mannár sem fjárfest eru í menntun og er það markmið skólans að gera a.m.k. jafn vel árið 2005 í þessum efnum.

## Grunndeild

Kennsla á haustönn hófst 15. september eftir að nemendur höfðu verið í starfsþjálfun í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík. Starfsþjálfunin gekk mjög vel að öllu leyti. Nemendur fengu afar gott orð og í flestum tilfellum voru þeir ánægðir með þennan tíma. Það hefur reynst vel að hafa nemendur í nágrenninu, bæði til þess að fylgjast með líkamlegu ástandi þeirra og fylgjast með þeim í starfi. Þá hefur samstarf skólans og starfsþjálfunarembættanna verið eins og best verður á kosið.

Skólaslit þessa árs eru ákveðin kl. 14 í Bústaðakirkju 17. desember og verða þá væntanlega 35 lögregluþjónar útskrifaðir.

Umsóknarfresti um skólavist 2005 lauk 1. ágúst. Þá höfðu borist 150 umsóknir. Umsóknir frá körlum voru 114 og 36 frá konum. Við skoðun umsókna kom í ljós að 27 uppfylltu ekki skilyrði. Var það aðallega vegna menntunarskorts, brotaferils eða að umsækjendur voru ekki innan aldurstakmarka. Inntökupróf fóru fram 30. ágúst til 6. september. Að þessu sinni þreyttu umsækjendur öll prófin en áður hættu þeir próftöku þegar í ljós var komið að þeir höfðu fallið í þrekgreinum. Alls féllu 37 umsækjendur. Fimm í íslensku og 32 í þreki. Það er u.þ.b. 9% hærra hlutfall en undanfarið enda samdóma álit prófumsjónarmanna að hluti þessa hóps væri óvanalega slakur. Langflestir féllu á upphífingum eða 35 og magaæfingum og bekkpressu 9.

Í flestum tilfellum féllu umsækjendur aðeins í einni grein, sem er heimilt, og skýrir það að þessum tölum virðist ekki bera saman. Að þessu sinni var fallprósenta kvenna hærri en vanalega og er ástæða þess greinilega sú að margar þessara kvenna voru í slæmu líkamlegu standi. Það hafði hins vegar engin áhrif á fjölda kvenna sem valdar voru, þær voru margar mjög hæfar og vel á sig komnar.

Eftir prófin voru 63 boðaðir fyrir valnefnd og stóðu viðtölin yfir í fjóra daga. Að loknum viðtölunum valdi valnefndin eftirtalda 20 til náms í GD I sem hefst í janúar 2005.

Árni Páll Jóhannsson
Ásmundur Rúnar Gylfason
Baldvin Ingi Sigurðsson
Bjarni Skúlason
Gestur Kolbeinn Pálmason
Guðmundur H. Gunnarsson
Gunnar Halldór Sigurjónsson
Gunnsteinn Örn Hjartarson
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir
Helga Einarsdóttir
Hörður Ríkharðsson
Jóhann Örn Guðbrandsson
Jón Hálfdán Jónasson
Jón Óttar Ólafsson
Martha Sandholt Haraldsd.
Sigfríð Margrét Bjarnadóttir
Steinn Friðriksson
Steinunn Einarsdóttir
Sverrir Guðmundsson
Unnur María Sólmundard.

Eins og sjá má eru 6 konum í hópnum eða 30%. Fyrsti varamaður er líka kona. Hátt menntunarstig hópsins vekur athygli. Sjö hafa lokið háskólaprófi og einn á því ólokið. Aðrir fimm hafa lokið stúdentsprófi og fjórir hafa lokið tilsettu námi frá framhaldsskóla eða iðnskóla. Meðalaldur hópsins er 28.4 ár sem er einu ári hærra en á síðasta ári.

Þann 15. september tók skólinn við nýju húsnæði á annarri hæð Krókháls 5a þar sem Íslensk erfðagreining var áður. Það er ætlað til vinnu verkefnahópa og verklegra æfinga bæði fyrir grunn- og framhaldsnám. Þar eru fimm vinnuherbergi og ein kennslustofa sem einnig verður búin tölvum frá og með febrúar nk. Hugmyndin er sú að eftir kennsludag geti þátttakendur á námskeiðum komið þarna saman og unnið að verkefnum sem fyrir þá eru lögð.

Það er að jafnaði mikið um að vera í skólanum, húsnæðið orðið stórt en starfsmenn fáir. Til þess að fylgjast betur með mannaferðum höfum við brugðið á það ráð að læsa anddyrinu á 3. hæð Krókháls 5a nema fyrir þátttakendum á námskeiðum sem fá uppgefnar aðgangstölur hverju sinni. Anddyrið á 2. hæð, og tilheyrir 5b, er aðalanddyri skólans, þar er skrifstofa skólans og símvarsla og upplýsingar að finna.

Eiríkur Hreinn Helgason

# Að laga sig að breytingum

Mér skilst að við lögreglumenn eigum að semja um kaup og kjör við vinnuveitandann okkar á næsta ári því samningar renni þá út. Vafalaust eru menn farnir að huga að því sem sett verður á oddinn í samningaviðræðunum. Með þessu greinarkorni vil ég koma á framfæri hugleiðingum sem ég hef reyndar orðað sumar áður við forráðamenn Landssambands lögreglumanna (LL), en af því að mér finnst það sem mér liggur á hjarta eiga erindi við fleiri, punkta ég þetta niður með það fyrir augum að birta það í Lögreglumanninum.

Fyrirsögnin „að laga sig að breytingum" er í raun allt sem segja þarf um það hvernig nútímamaðurinn á að komast af í síbreytilegu samfélagi. Ef við lögum okkur ekki að breytingum töpum við – það er bara spurningin um það hversu stórt við töpum svo vitnað sé í tungutak íþróttamanna. Eitt sem verður að gera til að laga sig að breytingum er að halda sér við faglega ekki síður en líkamlega og helst að byggja ofan á þá þekkingu og menntun sem fyrir er hjá hverjum og einum. Þessu hafa framsýnir lögreglustjórar t.d. veitt athygli og skipuleggja, í samstarfi við sitt fólk, starfsþróun innan embætta sinna. Þeir skipuleggja námskeið sjálfir fyrir lögreglumenn og aðra og velja úr hentug námskeið í Lögregluskólanum og öðrum menntastofnunum vegna starfsþróunar síns fólks. Lögreglumenn hafa margir líka veitt þessu athygli. Þeir sækjast eftir að halda sér við í faginu, fylgjast með nýmælum og breytingum, skoða dóma sem ganga og draga af þeim lærdóm og sækjast eftir því að fara á námskeið, bæði í Lögregluskólanum og annars staðar. Sífellt fleiri lögreglumenn sækja sér aukna



*Eiríkur Hreinn Helgason.*

menntun í framhaldsskólum og háskólum. Hjá einni deild sem ég þekki ágætlega til hjá stóru lögregluembætti er um helmingur starfsmannanna, 8 – 9 manns, í háskólanámi eða námi sem telst vera á háskólastigi (t.d. stjórnunarnám Lögregluskólans!) jafnframt vinnu sinni, að sjálfsögðu með fulltingi, vitund og vilja stjórnenda embættisins. Sjálfur hef ég verið að dunda mér við að sækja fyrirlestra í Háskóla Íslands mér til ánægju og hef hitt þar ótrúlega marga „gamla" nemendur mína úr Lögregluskólanum sem eru í háskólanámi, ýmist með vinnu í lögreglunni eða ekki og ég veit af nokkrum til viðbótar í þeim skóla og öðrum einnig.

## En hvað kemur þetta kjarasamningum við?

Ég hef sannfrétt að hjá sumum starfsstéttum sé samið um það milli vinnuveitanda og launþega að starfsmenn geti sótt um launað leyfi til að stunda nám sem nýtist í tengslum við starfssvið viðkomandi. Með þessu er vinnuveitandinn að taka þátt í því að efla þekkingu inni í stéttinni og viðurkenna að það sé ekki síður í þágu vinnuveitandans en starfsmannsins að veita slík leyfi. Þau eru mismunandi löng þessi leyfi skilst mér, allt frá nokkrum mánuðum og uppí þann tíma sem tekur að ljúka viðbótar-háskólamenntun en þetta er hvað algengast hjá háskólamenntuðu fólki.

Þeirri hugmynd er hér með komið á framfæri að LL taki þá umræðu við samninganefnd ríkisins að bóka í kjarasamning, eða annars staðar, að lögreglumenn geti átt þess kost, eftir sérstökum reglum, að sækja sér viðbótarmenntun án þess að missa laun enda nýtist menntunin tvímælalaust í lögreglunni. Hugsanlega gæti starfsmaður átt þess kost að safna réttindum sem þessum. Þannig mætti hugsa sér að hver starfsmaður ætti rétt á t.d. 2-3ja mánaða leyfi á fimm ára frest til að mennta sig á fullum launum. Það myndi gefa kost á að sækja nám í heilan vetur, og gott betur, ef hann legði sama tíma á móti sjálfur og t. d. orlofið sitt að auki! Á einum vetri er hægt að læra heilmargt og bæta við sig mikilli þekkingu.

Ef forystumönnum LL dytti nú í hug að þetta væri sniðug hugmynd væri hægt að bjóða viðsemjendum að leggja af starfsmenntunarsjóð LL, sem að mínu viti hefur ekki staðið undir nafni, og setja þá fjárhæð sem þar sparaðist í raunverulegan menntunarsjóð fyrir lögreglumenn þar sem fengist þekking inn í lögregluna sem örugglega nýttist vel. Sá sjóður greiddi þá í raun laun lögreglumanna í námsleyfi og fjárhagslegt óhagræði embættanna yrði þar með minna. Kannski er þessi hugmynd þegar uppi á borðinu hjá okkar ágæta forystuliði og er það þá vel en ef ekki þá er henni hér með komið á framfæri. Ef menn telja að það sé skortur á einhverri skiptimynt til að láta í staðinn fyrir svona verðmæti

eins og menntun er þá má benda á að við getum sparað ríkinu nokkra fjárhæð á móti með því að afsala okkur hinum fornfálegu ákvæðum um fríar almenningsvagnasamgöngur og sundferðir sem hvoru tveggja er „barn síns tíma“ svo vitnað sé í víðfræg orð. Ég tel að lögreglumenn geti, alveg eins og aðrir þegnar þessa lands, greitt fyrir sínar strætisvagnaferðir og keypt sér miða í „laugina“. Þarna er að mínu viti dæmi um skort á hæfileikum til aðlögunar að ríghalda í slík gömul ákvæði í samningum sem eiga sér sögu allt til þess að lögreglumenn voru starfsmenn sveitarfélaga ef ég hef skilið það rétt. Ef veruleg framsýni ríkti í þessum efnum gætu lögreglumenn einnig afsalað sér greiðslum fyrir fastagjald heimilissíma og sett þá peninga í menntunarsjóð. Greiðsla fyrir fastagjald síma er að mínu viti tímaskekkja því að í flestum, ef ekki öllum tilfellum, láta lögregluembættin þeim mönnum farsíma í té sem þarf að ná í vegna vinnunnar. Ég er einnig meðvitaður um að mörgum finnst þetta alveg fráleit hugmynd en þetta er nú kosturinn við skoðanafrelsið!

**STARFSREGLUR**
**Starfsmenntunarsjóðs**
**Landssambands lögreglumanna**
**STALL**

**í gildi frá 1. september 2003**

**7. Sjóðurinn styrkir ekki:**

a) Nám eða námskeið á vegum eða í tengslum við Lögregluskóla ríkisins.
b) Nám á vegum lögregluembætta, nema í sérstökum tilfellum, þar sem LL, aðildarfélög LL, eða STALL koma að námskeiðunum á einhvern hátt.
c) Tómstundanámskeið.

Úr kjarasamningi.

**10.3** **Starfsmenntunarsjóður**

10.3.1 Ríkissjóður greiðir sérstakt gjald í Starfsmenntunarsjóð Landssambands lögreglumanna og nemur það 0.22 % af heildarlaunum félagsmanna (sjá reglur um starfsmenntunarsjóð LL í viðauka 3.)

## Starfsmenntunarsjóðurinn

Mér finnst við hæfi að upplýsa það hér að ég leitaði eftir því með formlegum hætti að fá að kynna mér starfsemi sjóðsins (STALL) s.l. sumar. Ástæðan var sú að ég skynja skort á því sem er fyrirsögn þessarar greinar í reglum sjóðsins þegar við vorum að skipuleggja stjórnunarnám LSR í samstarfi við EHÍ. Í reglum STALL er tekið fram að sjóðurinn styrki .... ***„ekki nám eða námskeið á vegum eða í tengslum við Lögregluskóla ríkisins...“*** (leturbreyting EHH) og því fannst mér við hæfi að fá að rannsaka það hvað sjóðurinn væri raunverulega að styrkja til að fá upplýsingar um hugmyndir forystumanna sjóðsins hvað væri styrkhæft. Það kunna að hafa verið einhver rök fyrir því einhvern tíman að setja í reglur sjóðs eins og STALL að hann styrkti ekki lögreglumenn til að sækja nám í menntastofnun lögreglunnar, Lögregluskólanum, en þau rök hef ég aldrei heyrt, í það minnsta þá ekki skynjað að það væru rök. Það er að mínu viti ekki hægt að kalla það starfsmenntunarsjóð sem styrkir lögreglumann A til að verða sér út um aukin ökuréttindi eða sækja enskuskóla svo dæmi séu tekin meðan hann styrkir ekki lögreglumann B sem er að sækja sér menntun í Lögregluskólanum til að geta orðið hæfari lögreglumaður, sótt sér starfsréttindi t.d. sem, stjórnandi eða rannsóknarlögreglumaður eða bætt við sig þekkingu á einhverju stigi. Ég vil í raun skora á forystusveit LL að velta því rækilega fyrir sér hvort hér hafi hugsanlega gleymst að laga sig að breytingum með tilliti til þess hver þróunin hefur verið með námsframboð í Lögregluskólanum.

Til að botna það sem ég byrjaði á hér að framan þá er skemmst frá því að segja að forysta LL aftók með öllu að ég fengi nokkrar upplýsingar um hvernig stjórn STALL ráðstafaði þeim fjármunum sem vinnuveitandi okkar greiðir fyrir hvern starfsmann í lögreglustétt í sjóðinn. Ég viðurkenni reyndar að kröfurnar sem ég setti fram um upplýsingar voru svolítið ögrandi en svarið sem framámenn í LL sendu mér var ítarlegt og ágætlega rökstutt, miðað við þá hugmyndafræði sem þar virðist vera unnið eftir en það er efni í aðra grein.

## Lokaorð

Ég byrjaði þetta greinarkorn á hugleiðingum um kjarasamninga og enda það á sama hátt. Mér finnst forysta LL hafa staðið sig almennt mjög vel í kjarabaráttu lögreglumanna og ég dáist í raun að þrautseigju þeirra manna sem eru tilbúnir að leggja á sig mikla og óeigingjarna vinnu fyrir heildina. Samanburður á kjörum lögreglumanna við kjör annarra starfsstétta, sem eiga að baki mun lengra og meira nám en lögreglunámið er, er lögreglumönnum oft mjög í hag og ég hef t.d. borið laun tiltekinna starfsstiga innan lögreglunnar saman við laun kennara, hjúkrunarfræðinga og lögfræðinga í ríkisþjónustu og komist að raun um að í mörgum tilvikum getum við lögreglumenn vel við unað. Einn ágætur lögreglustjóri sagði við mig um daginn að hann væri að hugsa um að leggja það til að LL sæi um að reyna að ná fram kjarabótum fyrir lögreglustjóra því samninganefnd okkar væri greinilega slyngari en þeirra menn sem reyna að hafa áhrif á kjaranefnd sem úrskurðar þeim kjör. Þetta viðhorf þessa lögreglustjóra, sem var að vísu sumpart sett fram í gríni, en með nokkrum alvarlegum undirtónum, gaf mér tilefni til að skoða kjör nokkurra aðila í kringum mig. Gangi ykkur vel í samningaviðræðunum Óskar og félagar.

*Höfundur er yfirlögregluþjónn í Lögregluskólanum*

## Steinar Gunnarsson

# IPTM – Institute of Police Technology and Management

**Í september s.l. flaug ég ásamt félaga mínum, Þórhalli Árnasyni, varðstjóra á Eskifirði, til Orlando í Bandaríkjunum en tilgangur ferðarinnar var að sækja tvö námskeið hjá IPTM í Jacksonville. IPTM stendur fyrir Institute of Police Tecnology and Management, sem er eining innan University of North Florida og sér, eins og nafnið gefur til kynna, lögreglumönnum fyrir framhaldsmenntun og þjálfun í hinum ýmsu þáttum sem viðkoma lögreglustarfinu.**



Við vorum skráðir á tvö námskeið eins og áður segir. Annars vegar námskeið í viðtals- og yfirheyrslutækni fyrir lögreglumenn sem sinna fíkniefnamálum og hins vegar námskeið í rannsóknum á smygli og smyglleiðum fíkniefna, peninga og fleira. Eins stóð til að við fengjum að kynnast störfum kollega okkar í Jacksoneville og var búið að ganga frá því að við fengjum að standa þar einhverjar vaktir. Fram undan var tæplega þriggja vikna prógram.

Við lentum í Orlando á föstudagskvöldi og hugðumst eyða helginni í að koma okkur fyrir og átta okkur á aðstæðum. Það fór síðan ekki betur en svo að þegar við vorum rétt búnir að koma okkur fyrir á hótelinu skall á leiðindaveður. Var okkur tjáð að veðurútlitið væri ekki gæfulegt þar sem fellibylurinn Jennie stefndi hraðbyri á Florida. Það stóðst síðan allt saman eins og stafur á bók og fellibylurinn skall á með öllu tilheyrandi. Ekki er ætlunin að fara að rekja þann usla sem Jennie gerði í Florida en það er óhætt að segja að eitt og annað hafi gengið á eins og þeir hafa séð sem fylgdust með heimsfréttunum á þessu tíma.

Við eyddum sem sagt einum og hálfum sólarhring á hótelinu. Þar fór ágætlega um okkur þar sem við höfðum góða skemmtun hvor af öðrum og hinum hótelgestunum. Það var útgöngubann í einn og hálfan sólarhring og voru þeir sem út fóru umsvifalaust handteknir. Þetta fyrirkomulag yfirvalda bjargaði vafalaust mörgum mannslífum og kom í veg fyrir mörg slys. Það væri athyglisvert ef eitthvað þessu líkt yrði innleitt hér heima. Það sæti líklega annar hver maður í fangelsi og útgöngubann nokkrum sinnum í viku eða í hvert sinn sem kæmi rok og rigning.

Eftir óveðrið ókum við sem leið lá upp til Jacksonville. Fellibylurinn hafði valdið miklum skemmdum og sáum við á leið okkar eitt og annað því til sönnunar. Tré höfðu víða farið illa auk þess sem miklar skemmdir höfðu orðið á mannvirkjum. Fram undan hjá okkur var hins vegar spennandi nám hjá IPTM.

Það er hægt að segja eitt og annað um Bandaríkin og Bandaríkjamenn en þegar kemur að íburði og öðru slíku þá komast fáir þar sem Bandaríkjamenn hafa hælana. Háskólinn í Norður-Florida er gott dæmi um það. Þetta er glæsileg stofnun þar sem greinilega engu er til sparað. Eitt það fyrsta sem fyrir augu manns ber þegar þarna er komið er gríðarlega stór tjörn með gosbrunni í miðjunni. Í tjörninni (sem hérna myndi líklega flokkast undir stöðuvatn) svömluðu alls kyns skrautfiskar og skjaldbökur. Skólinn er staðsettur í út-




*Þórhallur Árnason, Harry Walthers og Ken Jones, kennarar og greinarhöfundur.*



*Verið að handtaka eftirlýstan mann.*




*Félaganir á vaktinni.*



*Árásaræfingar með hundi.*

jaðri borgarinnar og eru um sautján þúsund nemendur skráðir við skólann.

Okkur var tekið með kostum og kynjum og við kynntir fyrir kennara okkar, Harry Walters. Við vorum tuttugu og þrír nemendur saman komnir á fyrra námskeiðinu. Það námskeið var, eins og áður segir, um rannsóknir á smygli og smyglleiðum. Við vorum einu útlendingarnir og tóku samnemendur okkar vel á móti okkur. Þarna eignuðumst við góða vini sem við höldum enn sambandi við.

Nú tók við löng og ströng vika þar sem farið var í smáatriðum yfir fjölmarga þætti eins og t.d. leit í bílum og á öðrum stöðum, viðtöl og yfirheyrslu á vettvangi, hegðun og atferli fólks og margt fleira. Námið krefst hundrað prósent athygli og komst enginn upp með annað en að hafa hugann við efnið, sem reyndar var auðvelt því námið var skemmtilegt, kennsla ákaflega vel upp sett og greinilega mikil reynsla og þekking sem þarna bjó að baki.

Námið var ítarlegt enda um sérhæfingu að ræða og vorum við prófaðir jafnóðum til að ganga úr skugga um að allt færi inn í kollinn á okkur. Skóladagurinn var frá átta á morgnana til fimm, hálfsex á kvöldin. Það má segja að þetta námskeið hafi farið langt fram úr okkar björtustu vonum og mun tvímælalaust gagnast okkur vel í framtíðinni.

Næst tók við námskeið í viðtals og yfirheyrslutækni, sérsniðið fyrir lögreglumenn sem sinna fíkniefnamálum. Kennari okkar á því námskeiði var Ken Jones, þrautreyndur fíkniefnalögreglumaður, sem getið hefur sér gott orð fyrir færni sína í rannsóknum fíkniefnamála. Í spjalli við lögreglumenn fannst manni eins og Ken væri eins konar „gúrú“ í augum kollega sinna og áttum við heldur betur eftir að kynnast ástæðunni fyrir því. Það vildi svo til að þeir nemendur sem skráðir voru ásamt okkur á námskeiðið urðu að afboða sig á síðustu stundu vegna aðstæðna sem m.a. fellibylurinn hafði valdið. Hins vegar ákvað stjórn skólans í samráði

við Ken Jones að námskeið skyldi engu að síður haldið fyrir okkur Íslendingana. Gagnvart okkur gat þetta ekki verið betra; sérkennsla með öllu tilheyrandi.

Við töldum okkur vera orðna ansi klára í viðtals- og yfirheyrslutækni eftir fyrra námskeiðið en þarna sáum við að mikið var enn ólært. Ken er eins og Harry Walters frábær kennari (eða leiðbeinandi, þar sem kennari er víst verndað starfsheiti) og hélt okkur á tánum alla vikuna. Við vorum sammála um að hann hefði opnað fyrir okkur sýn inn í annan heim. Yfirheyrslutæknin sem hann kenndi og hvernig lesa má ótrúlegustu hluti úr líkamsmáli manna var eitthvað sem mann hefði seint órað fyrir að hægt væri á þann hátt sem við þarna lærðum. Vonandi kemur að því, hér heima, að við fáum búnað og það sem til þarf til að geta notað tækni sem þessa til fulls. Ken kenndi okkur einnig hvernig skipulagðar glæpaklíkur störfuðu, reglur og aðferðir sem tíðkuðust innan mismunandi gengja. Hann sýndi okkur muninn á t.d. asísku gengjunum og svertingja gengjunum o.s.frv. Við fengum síðar nasaþefinn af því þegar við tókum vakt í norðurhluta Jacksonville. Ken lagði m.a. áherslu á að heimurinn væri að minnka og fíkniefnavandinn væri orðinn meiri en flesta óraði fyrir. Því til staðfestingar má nefna nokkrar tölfræðilegar samantektir. Fyrst má nefna að viðskipti með fíkniefni eru 12,5% af efnahag Bandaríkjanna. Eins að um 90% af ólöglegum fíkniefnum í heiminum er neytt í Bandaríkjunum. Um það bil 1,5 milljón fíkla er í Bandaríkjunum, þar af 73% venjulegt fólk sem neytir bara ,,annað slagið". Þetta eru ótrúlegar tölur og fá mann til að skoða málin frá mörgum sjónarhornum. Við fengum líka kennslu í því hvernig amfetamín, krakk og sitthvað fleira er búið til og var það svipuð stemmning og í heimilisfræðitímunum í gamla daga, pottar, pönnur og alls kyns uppskriftir.

Á fyrra námskeiðinu kynntumst við tveimur mönnum úr hundadeild lögreglunnar í



*Hefðbundin útbúnaður hundalögreglumans.*



*Ken Jones, í kennslutíma.*




*Verkefnatafla morðdeildar.*




*Steinar, Ken Jones og Þórhallur.*

Jacksonville. Tókst með okkur góður vinskapur og var okkur boðið að taka með þeim næturvakt. Það gerðum við síðan og lentum í nokkrum ótrúlegum ævintýrum þá nóttina en við vorum lengstan hluta vaktarinnar í norðurhluta borgarinnar þar sem fátækrahverfin eru og afbrotatíðnin er há. Eins fengum við að kynnast lítillega morðdeildinni.

Hundadeildirnar þar sem við þekkjum til í Bandaríkjunum eru stór þáttur í lögreglustarfinu og leggja menn mikið upp úr því að hafa tiltæka hunda á hverri vakt. Af þeim u.þ.b. 300 lögreglumönnum sem voru á vakt þessa nóttina á svæðinu voru líklega sex til sjö hundabílar. Ekki var farið í neitt tvísýnt nema að kalla til hund og voru þeir notaðir óspart til að gera menn óvíga, leita að fíkniefnum, sprengjum, sporum o.s.frv. Hundarnir voru vel þjálfaðir og gaman að sjá þá vinna. Ekki skorti verkefnin þessa nóttina. Til að mynda voru framin þrjú morð þessa nótt í Jacksonville, af níu þá vikuna, einhver vopnuð rán og allt þar fram eftir götunum. Við fórum m.a. í það verkefni að sækja morðingja sem skotið hafði mann kvöldið áður. Var það afgreitt þannig að húsið var umkringt af lögreglumönnum, útihurðin var spörkuð upp, hundinum stillt upp í dyrunum og látinn gelta. Meira þurfti ekki til, karlgarmurinn gaf sig skjálfandi fram og bað um gott veður og að hundurinn léti sig vera. Margt fróðlegt gerðist síðan á vaktinni sem ekki verður rakið nánar að þessu sinni.

Eftir langa og stranga viku þreyttum við próf í því sem okkur hafði verið kennt. Það gekk allt saman vel og vorum við útskrifaðir og leystir út með gjöfum.

Meðan á dvöl okkar stóð tókust með okkur góð kynni við marga skemmtilega karaktera. Einn þeirra er maður að nafni Kevin Morrison. Hann er leiðbeinandi við skólann og sér m.a. um kennslu og þjálfun við notkun á ratsjám. Kevin kom til Íslands fyrir nokkrum árum síðan á vegum Lögregluskóla ríkisins og varð vægast sagt heillaður af landi og þjóð. Til merkis um það var stórt kort af Íslandi uppi á vegg í skrifstofu hans. Kevin bauð okkur einn daginn út að borða og áttum við með honum skemmtilegt spjall. Þar sagði hann okkur eitt og annað um nýjungar í ratsjármálum. Til dæmis kom okkur á óvart að verð á ratsjám, svipuðum og við notum, var mun minna en við höfðum gert okkur í hugarlund. Eins varðandi verð á s.k. eye witness búnaði, sem er í nokkrum lögreglubílum hér á landi, en sá búnaður var mun ódýrari en við höfðum áður heyrt um. Kevin sagðist staðráðinn í því að koma aftur til Íslands og ferðast um landið - hann vildi helst búa þar. Hann hafði greinilega verið duglegur að auglýsa Ísland meðal hinna leiðbeinendanna og kennaranna því þarna vissu menn meira um Ísland en venja er með Bandaríkjamenn.

Annar náungi sem við kynntumst, Richard Hodge, starfsmaður við skólann sem sér um ýmiskonar skipulagningarmál fyrir IPTM, bar þeim fáu Íslendingum sem numið höfðu við skólann góða söguna.

Við höfum verið í góðu sambandi við lögreglumenn í Bandaríkjunum síðustu ár og margt þar ytra vakið áhuga okkar á að kynna okkur betur. Til að mynda fórum við ásamt félögum okkar í Lögreglufélagi Austurlands til Minneapolis s.l. vetur. Þar sem við kynntum okkur hundadeild (K-9 unit) lögreglunnar í St. Paul og voru tveir okkar með eina annasama vakt hjá hundadeildinni.

Eftir sautján daga flugum við svo aftur heim frá Orlando, reynslunni ríkari og staðráðnir í að halda áfram að uppfæra okkur í faginu. Allt nám er af hinu góða og víkkar sjóndeildarhringinn. Ekki veitir af í okkar starfi.

Við erum sammála um það félagarnir að við, lögreglumenn á Íslandi, mættum kynna okkur (með opnum huga) í meira mæli þá þekkingu og reynslu sem Bandaríkjamenn búa yfir.

Námið var mjög yfirgripsmikið eins og áður hefur komið fram og mjög prakískt. Við erum í engum vafa að þetta nám nýtist okkur og væri ekki úr vegi að kynna margt af þessu í Lögregluskóla ríkisins. Bæði Harry og Ken sögðust vera tilbúnir að koma til Íslands og halda námskeið af þessu tagi ef að þess væri óskað.

Eins og gefur að skilja er ferð sem þessi kostnaðarsöm og gekk ekki þrautalaust fyrir okkur að hrinda henni í framkvæmd og fjármagna hana. Við leituðum til ýmissa fyrirtækja í Fjarðabyggð og sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Eins Stall og Samskipasjóðinn og var okkur allsstaðar vel tekið. Eins studdi lögreglustjórinn okkar, Inger L. Jónsdóttir, okkur í að komast í námið. Það sem gerði hins vegar gæfumuninn og varð líklegast til þess að við kæmumst í þetta nám voru jákvæð viðbrögð og stuðningur Björns Bjarnasonar, dómsmálaráðherra og hans manna. Kunnum við öllum þeim sem studdu okkur í að láta þetta nám verða að veruleika besta þakklæti fyrir.

*Höfundur er varðstjóri á Neskaupstað*

# Samninganefnd LL á námskeiði















## Norræn sakamál 2004

# Skeljungsránið

Lítilli fólksbifreið, hvítri að lit, merktri Skeljungi er ekið inn á bifreiðastæði Íslandsbanka á gatnamótum Lækjargötu og Vonarstrætis um klukkan tíu að morgni.

Í bifreiðinni eru tvær ungar konur, starfsmenn Skeljungs, með háa fjárhæð í fórum sínum. Þennan dag eru þær með helgarsölu um það bil fimmtán afgreiðslustöðva fyrirtækisins sem þær hafa lokið við að safna saman um morguninn í sérstakri þar til gerðri peningaflutningatösku. Uppgjörið er geymst í sérstökum renndum pokum í peningaflutningatöskunni og innihalda pokarnir bæði peninga og greiðslukortakvittanir að upphæð nálægt sex milljónum króna.





Konurnar höfðu ekki veitt neinu óvenjulegu athygli á ferð sinni þennan morgun og nú var komið að því að leggja fjármunina inn á bankareikning fyrirtækisins í Íslandsbanka við Lækjargötu. Að því loknu tækju við önnur störf rétt eins og venjulega.

Á bifreiðastæðinu við Íslandsbanka eru nokkrar bifreiðar sem vekja ekki sérstaka eftirtekt kvennanna tveggja. Þær finna sér stæði, leggja bifreiðinni, stíga út úr henni og heldur önnur þeirra á peningaflutningatöskunni en hin fylgir henni áleiðis í bankann. Þær hafa gert þetta oft áður samkvæmt fyrirfram ákveðinni áætlun sem þær fylgja í einu og öllu.

Skyndilega er hvítri Saab-fólksbifreið ekið úr einu stæðinu og út úr henni ryðjast tveir grímuklæddir menn í bláum vinnusamfestingum. Þriðji maðurinn, einnig grímuklæddur, situr undir stýri og leggur bifreiðinni aftan við bifreið kvennanna tveggja og króar hana af .

Mennirnir tveir veitast að konunum, annar þeirra slær til þeirrar sem heldur á töskunni með handslökkvitæki sem hann síðan missir frá sér í atganginum. Að svo búnu hrifsar hann töskuna af konunni. Mennirnir forða sér inn í Saabinn og aka á brott vestur Vonarstræti.

Atburðarásin er hröð. Framganga mannanna fumlaus og ákveðin og innan örskammrar stundar eru þeir á brott en konurnar standa ráðvilltar eftir á bifreiðastæðinu.

Á meðan á þess stóð höfðu mennirnir ekki sagt eitt einasta orð, hvorki ávarpað hvern annan né gefið konunum fyrirskipanir.

Konurnar hraða sér inn í bankann og hringja á lögregluna.

Tilkynningin berst kl. 10:07 bæði með árásarboði frá bankanum og einnig símleiðis og er nærstaddri lögreglubifreið þegar beint á staðinn.

Þegar ljóst var hvað hafði gerst var öllum lögreglubifreiðum tilkynnt um ránið, jafnframt haft samband við Rannsóknarlögreglu ríkisins sem var til húsa að Auðbrekku 6 í Kópavogi og þaðan voru þegar í stað sendir bæði tæknirannsóknar- og aðrir rannsóknarlögreglumenn.

Svæðið var girt af og farið að vinna út frá þeim fáu vísbendingum sem fyrir lágu. Reyndar var einungis vitað að um þrjá menn var að ræða, á hvítri, snjóugri Saab-bifreið sem hafði verið ekið út af bifreiðastæði bankans til hægri vestur Vonarstræti og eftir það var ekkert vitað um ferðir þeirra.

Á meðan rannsóknarlögreglumennirnir leituðu frekari vísbendinga á staðnum hóf lögreglan í Reykjavík skipulagða leit að Saabinum.

Það var eins og að leita að saumnál í heystakki.

*Úr einni af sögum bókarinnar.*

# Leifur Halldórsson

# Skýrsla tekin með fæðingarhjálp

**Eftirfarandi frásögn vestan af fjörðum er komin á prent að áeggjan ritstjóra. Honum fannst að hún ætti erindi við lesendur þar sem hér kæmi fram hversu ólík viðfangsefni lögreglumanna á Stór-Reykjavíkursvæðinu og í hinum smærri embættum á landsbyggðinni geta verið. Það skal tekið fram að sagan er sönn, þó að tilvitnuð orðaskipti séu vissulega skrifuð efnislega eftir minni. Að sjálfsögðu er ekki greint frá nafni þess er málið varðar.**

Getur það hjálpað í lögreglustarfinu að hafa einhvern tímann reynt eitthvað annað en það sem akkúrat er kennt í Lögregluskólanum? Eflaust, enda er brýnt fyrir mönnum að verkefnin séu eins misjöfn og þau eru mörg. Samt eru nú sum verkefni misjafnari en önnur, eða þannig.

Eftirfarandi saga er dæmi um það hvernig lögreglumenn þurfa stundum að beita öðrum aðferðum en kennslubækurnar segja til um. Jafnvel óhefðbundnum aðferðum – óhefðbundnum hvað varðar lögreglustörf en ekki svo mjög óhefðbundnum hvað málsaðila og aðstæður varðar.

Sagan hefst með því að mér undirrituðum og félaga mínum, Dagnýju S. Hjörvarsdóttur, var falið að heimsækja ónefndan bónda í sýslunni og skrá eftir honum framburð vegna máls sem snerti hann. Ekki svo flókið verkefni og sennilega bara í auðveldari kantinum.

Á fögrum vordegi, þegar fuglarnir léku við hverja sína fjöður og laufin voru að vakna, var haldið af stað frá Ísafirði. Ferðin tók drjúga stund. Það var ekkert verra enda veður með afbrigðum gott. Á leiðinni mátti sjá enska skútu liggja fyrir ankerum inni á vogi í þröngum firði og seglin



spegluðust í sléttum haffletinum. Skipverjar voru að róa til lands og því var tilhlýðilegt að halda uppi eftirliti með útlendingum í leiðinni. Dagný, sem aldrei áður hafði unnið í lögreglu utan borgarmarka Reykjavíkur, mátti vart mæla fyrir hrifningu af náttúrunni og áhrifum hennar. Þetta var sennilega í fyrsta skipti sem Dagnýju Hjörvarsdóttur varð orða vant enda þekkt fyrir annað en tepruskap í málfari og framsögu (leyfi ég mér að segja). Engilsaxarnir voru hinir prúðustu og buðu af sér góðan þokka – greinilegt að þar fór fólk sem hafði allt annað en sjórán á dagskránni. Eftir að hafa rætt um stund við skipverja var haldið áfram og enn var Dagný orðlaus. Sannarlega væru Vestfirðir undurfagrir og gott ef ég var bara ekki farinn að verða fallegur líka.

Loks komum við á áfangastað og fórum að ryðja græjunum út úr lögreglubílnum. Fartölvan var með og líka prentarinn, þannig að ekkert var að vanbúnaði að hefja yfirheyrslu. Við gengum valdsmannslegum skrefum að bænum og knúðum dyra. Jú, bíddu við, einhver hreyfing var inni og ekki leið á löngu þar til bóndinn kom til dyra, veðurbarinn og í vinnusamfestingi sem mátti muna sinn fífil fegurri.

Ég hafði fengið til rannsóknar mál sem varðaði bóndann á bænum og með þessari skýrslutöku áttum við Dagný að ljúka málinu. Skýrslutakan hafði ekki farið fram á lögreglustöð eins og algengast er. Bóndinn harðneitaði að koma á Ísafjörð, sagðist ekki eiga neitt erindi þangað í nánustu framtíð. Þar að auki væri sauðburður og hann kæmist ekki neitt frá til að standa í einhverri vitleysu eins og að tala við lögregluna.

Og jafnvel núna hafði bóndi engan áhuga á að ræða við okkur Dagnýju, þar sem við vorum komin algjörlega óboðin, eins og hann orðaði það. Ég bar upp erindið og spurði bónda hvort hann væri ekki fáanlegur til að ljúka málinu með því að ég tæki af honum framburðarskýrslu. Hann hlustaði á mig og lét sér fátt um finnast. Sagðist ekki hafa neinn tíma fyrir skýrslutöku, hann hefði ekki hugsað sér að eyða deginum í þess háttar vitleysu. Auk þess hefði hann ekki beðið lögregluna um að koma. Gætum við bara ekki haldið okkur á Ísafirði og sinnt okkar vinnu þar eins og annað fólk?

Þetta tekur ekki langan tíma, sagði ég vongóður.

Ekki langan tíma segirðu? Hvaða mælikvarða notarðu á það?

Ja, gæti verið eins og klukkutími, sagði ég.

Lögreglan hefur nú ekki verið svo gráðug að koma hingað þegar hún hefur verið beðin. Birtist svo eins og fjandinn úr sauðarleggnum þegar fólk er við sauðburð. Og þar skipta mínúturnar máli skal ég segja þér. Ég er hér með kind sem ekki getur borið. Hún er búin að vera að í eina tvo tíma og ekkert gengur. Það held ég nú ekki að ég fari að eyða klukkutíma í að kjafta við ykkur.

Já, ég veit að það er mikið annríki til sveita á þessum tíma. En er nú ekki bara best hjá okkur að drífa þetta af fyrst við erum komin hingað?

Ég má ekkert vera að því að standa hér og kjafta við lögregluna. Síst af öllu ef hún skilur ekkert af því sem ég segi. Bóndinn lokaði útidyrunum og stikaði af stað í átt að fjárhúsi úti á túninu. Við gripum með okkur fartölvuna og prentarann og reyndum að halda í við bónda. Og ég hélt áfram að nudda.

Hvað var það annars sem gekk á þarna í þessu máli? spurði ég.

Bóndinn stoppaði og beið eftir okkur meðan við klifruðum yfir girðinguna kringum fjárhúsin. Mér sýndist á Dagnýju að henni litist ekki meira en svo á aðstæður. Hvað þá heldur á bóndann sjálfan.

Hvað það var sem gekk á? spurði hann stuttaralega. Nú veistu það ekki sjálfur maður?

Jú, ég gat ekki neitað því. Eitthvað vissi ég um málið.

Ég þarf bara að spyrja þig um nokkur atriði og fá fram þína hlið.

Bóndi hélt að það væri nú ekki vandamál og romsaði út úr sér öllu því sem mig langaði að fá á blað.

Já, svoleiðis var það bara, sagði hann að lokum, og nú þarf ég að fara að hjálpa rollunni.

Nei heyrðu, sagði ég, þetta var fínt en ég þarf bara að koma þessu á blað og þú að skrifa undir og þá erum við bara helvíti sátt.

Ég held þú sért ekki með öllum mjalla drengur minn, sagði bóndi og gerði sig líklegan að opna eina hurðina á fjárhúsinu.

Heyrðu, á ég ekki bara að hjálpa rollunni? Ég get dregið lambið frá henni fyrir þig og svo getum við farið í skýrsluna, sagði ég, alveg að verða úrkula vonar um að klára skýrslufjandann.

Bóndinn stoppaði og sneri sér að okkur þar sem við stóðum – tveir lögreglumenn í galla tvö með tækjabelti, tölvu og prentara í miðri fjárhúsfor. Hann horfði á mig eins og ég væri endanlega genginn af göflunum og líka kominn illilega inn á hans svið.

Hann er sko úr sveit! sagði Dagný hressilega og eins sannfærandi og henni var unnt.

Bóndinn leit á mig og sagði dálítið vantrúaður: Ja sko, ég held þú getir svo sem reynt. Það meiðir mig andskotann ekkert.

Getum við þá svo farið í skýrsluna? spurði ég.



*Umræddur Aðalsteinn Bernharðsson.*

Það er nú ekki búið að ná lambinu, sagði bóndi.

Þegar inn var komið vatt bóndinn sér að roskinni og virðulegri svartkollóttri á sem var innst í garðanum. Hann lagði þá svörtu á grindurnar og bað mig bara að gjöra svo vel, veskú góði! Það er vonandi að þú vitir hvor endinn það er á henni, sagði bóndi og glotti.

Ég rétti Dagnýju tölvuna og bjó mig undir ljósmóðurstörfin. Hún hvíslaði hvort ég væri orðinn vitlaus en ég reyndi að fullvissa hana um að svo væri ekki. Þetta hefði reyndar ekki verið kennt sérstaklega í Lögregluskólanum en mig minnti að Aðalsteinn Bernharðsson hefði lítillega minnst á svona aðstæður.

Ekki man ég eftir því, sagði Dagný, og firrti sig allri ábyrgð á væntanlegri fæðingu.

Hjá þeirri svörtu var allt í tómu tjóni, eins og sagt er, hríðirnar litlar eða engar enda var hún búin að standa í þessu lengi dags. Ég fór úr jakkanum og bretti upp skyrtuermar og náði svörtu gimbrarlambi. Ljóst var að annað lamb var í rollunni og því um lítið annað að ræða en kafa dýpra. Þegar komið var upp að olnboga fann ég fyrir klaufum. Lambið var öfugt en náðist eftir dálitlar tilfæringar.

Ég velti því fyrir mér hvort Hörður Jó sem kenndi mér allt um leyndardóma lögreglurannsókna hefði lent í svona löguðu við yfirheyrslu. Jú, það hlýtur að vera, hann hefur bara gleymt að segja okkur frá því. En sjálfur var ég svo sem vanari störfum af þessu tagi en yfirheyrslum þannig að það gerði ekkert til. Lögreglubúningurinn hafði að vísu ögn látið á sjá, blóð og óskilgreindir vessar voru komnir á skyrtuna en ekkert sem ekki lagaðist við þvott.

Nú förum við og fáum okkur kaffi, sagði bóndinn og klappaði þeirri svörtu ástúðlega. Þú ert meiri gæðaskepnan, sagði hann og tók lömbin upp.

Þetta var nú bara sjálfsagt, sagði ég.

Ég var nú að tala við hana Svörtukollu, sagði bóndinn og setti lömbin í næstu stíu. Hún er alltaf tvílembd blessunin. En það var nú svo sem kominn tími til að lögreglan kæmi að gagni hér í sveitinni. Eitthvað var það nú samt annað, erindið sem þið höfðuð hingað, sagði bóndi og benti okkur að koma heim í bæ.

Það var bara þetta með skýrsluna, sagði ég, miklu vonbetri en fyrr.

Ég fer og ræsi ljósavélina og síðan förum við í kaffið. Þið getið væntanlega kjaftað í ykkur kaffið!

Þegar inn var komið lagaði bóndinn kaffi og við gengum til stofu. Kaffið var drukkið og skýrslan var tekin, yfirlesin og undirrituð án vandamála. Bóndinn var hinn vinsamlegasti og kjaftaði á honum hver tuskan. Sérstaklega sýndi hann Dagnýju áhuga. Vantaði enda ráðskonu fyrir veturinn og taldi að lögreglustörf væru ekki fyrir viðkvæman kvenpeninginn. Aldrei þessu vant sagði Dagný ekkert við slíkri athugasemd.

Við vorum kvödd með þeim orðum að við værum velkomin aftur hvenær sem væri. En ekki væri verra að við kæmum þegar ábúandi óskaði eftir því og þegar honum hentaði. Það væri ekki heppilegt ef lögreglan færi að stunda það að ónáða bændur um hábjargræðistímann.

*Blessuð sé sauðkindin.*

*Höfundur er lögreglumaður á Ísafirði*

# Kjaramálafundir



*Lögreglumenn á Austurlandi*



*Fundur hjá Lögreglufélagi Reykjavíkur.*



*Fundarmenn LR.*



*Fundarmenn á Austurlandi.*



*Formaður og væntanlegur framkvæmdastjóri LL.*



*Fundarmenn á Austurlandi.*

Brynhildur Georgsdóttir

# Úr umferð, nýjar reglur

Síðastliðið sumar tóku í gildi nýjar reglur hjá Umferðastofu varðandi skráningu ökutækja úr umferð, sem eru byggðar á 14. grein reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja. Reglunar fela í sér þá breytingu að þar sem áður þurfti að leggja inn skráningarmerki ökutækis til að hægt væri að skrá það úr umferð, þá er nú einnig hægt að skila inn skriflegri beiðni um skráningu úr umferð án þess þó að skila inn skráningarmerkjunum sjálfum. Slíkri beiðni er skilað inn til Umferðastofu eða á skoðunarstofu og fær viðkomandi þá límmiða sem á stendur „Notkun bönnuð“ til að




Hreinsa

UMFERÐARSTOFA

Fastanúmer

☐ Sjá meðfylgjandi lista

## Beiðni um að ökutæki verði skráð tímabundið úr umferð

Tegund / undirtegund — Skráningarnúmer

Skráður eigandi / umráðamaður — Kennitala

Heimili, póstnúmer og staður

**Skráningarmerki eða miði**

☐ Skráningarmerki ökutækisins hafa verið afhent

- ☐ Umferðarstofu
- ☐ Skoðunarstofu ..................................................................................

☐ Miði með áletruninni "Notkun bönnuð" verður settur yfir skoðunarmiða skráningarmerkis eða í framrúðu ökutækis með skráningarmerki af eldri gerð.

- ☐ Miðinn óskast afhentur hjá Umferðarstofu / skoðunarstofu.
- ☐ Miðinn óskast sendur í pósti til beiðanda

**Gjald fyrir skráningu úr umferð er kr. 600.**

☐ Gjald skv. ofansögðu greitt með greiðslukorti (kortanúmer / gildistími)

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | | | | | | | | Ú | | | / | | |

☐ Gjald lagt inn á reikning Umferðarstofu (skráningarmerki afhent skoðunarstofu, sjá baksíðu)

- reikningsnúmer 515-26-5802 - kennitala Umferðarstofu 660802-3120
- kennitala greiðanda ..................................................................................
- tilgreina skal skráningarnúmer/ fastanúmer ökutækis

**Yfirlýsing um að ökutæki verði ekki notað.**

Ég undirrituð/-aður óska þess að framangreint ökutæki verði skráð tímabundið úr notkun. Mér er kunnugt um að óheimilt er að nota ökutækið meðan það er skráð úr notkun í ökutækjaskrá, sbr. 14. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003 og lýsi því yfir að ökutækið verður ekki notað meðan svo er. Bann við notkun ökutækisins miðast við móttöku beiðni þessarar hjá Umferðarstofu eða skoðunarstofu.

US.159 09.2004

Dagsetning og staður

Undirritun eiganda / umráðamanns — Staðfesting starfsmanns Umferðarstofu / skoðunarstofu

Vinsamlegast athugið !
Eigandi eða umráðamaður verða að framvísa beiðni um að ökutæki verði skráð aftur í umferð.

BORGARTÚNI 30 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 580 2000 - BRÉFASÍMI 580 2001 - WWW.US.IS

líma á skráningarmerki ökutækisins. Þessir límmiðar eru skemmtilega neon-appelsínugulir og ættu því að vera auðþekkjanlegir. (sjá sýnishorn miða). Hinar nýju reglur voru fyrst og fremst settar á með það í huga að sinna þörfum landsbyggðarinnar vegna vöntunar á geymslustöðum fyrir skráningarmerki. Einnig var verið að hugsa til þeirra aðila er þurfa reglulega að skrá úr umferð mikið magn bifreiða, til að mynda bílaleigur. Með þessari leið er þannig verið að gera fólki auðveldara að skrá ökutæki sín úr umferð og í raun reyna að gera ferlið einfaldara og þægilegra fyrir alla aðila.

Sá galli er á gjöf njarðar að ekki er búið að tryggja að tryggingafélögin felli niður iðgjöld sín við skráningu úr umferð með miða líkt og þegar skráningarmerki eru lögð inn og einnig er ekki víst hvernig fer með bifreiðagjöld og þungaskatt á meðan ökutæki eru skráð úr umferð á þennan hátt. Von manna er sú að þessu verði breytt á næstunni og hefur Umferðastofa beint því til viðkomandi ráðuneyta að lögum

og reglum verði breytt á þann veginn að heimilt verði að fella niður opinber gjöld og iðgjöld trygginga á meðan ökutæki er skráð úr umferð, því það er jú helsta og algengasta ástæða þess að fólk sækist eftir því að fá ökutæki sín skráð úr umferð.

Einhverjir vilja halda því fram að hið nýja kerfi bjóða frekar upp á misnotkun á skráningu ökutækja úr umferð. Að einhverjir muni láta skrá ökutæki sín úr umferð en aldrei líma miðann á skráningarmerkin og halda áfram notkun ökutækisins. Umferðarstofa mótmælir þessum fullyrðingum með þeim rökum að sá sem vill misnota kerfið hafi í raun alltaf getað gert það. Þannig er t.d. lítið mál að verða sér úti um auka sett á skráningarmerkjum og nota þau þegar hin merkin hafa verið lögð inn til geymslu. Einnig leggur Umferðarstofu mikla áherslu á þá beiðni sem þarf að liggja að baki skráningu úr umferð þar sem eigandi eða umráðamaður ökutækisins staðfestir með undirritun sinni að hann muni ekki nota ökutækið frá þeirri stundu er hann hefur framvísað beiðni um skráningu í umferð.

Engu að síður er mikilvægt að girða eins og kostur er fyrir möguleika á misnotkun og gegnir lögreglan þar mikilvægu hlutverki. Þannig er mikilvægt að lögreglan sé vakandi fyrir því að það er skráning ökutækis sem skiptir öllu, þ.e. staða þess í ökutækjaskrá. Sé ökutæki skráð „Úr umferð“ má alls ekki nota það hvort sem það ber skráningarmerki eða ekki og hvort sem merkin beri rétta miða eða ekki. Einnig hafa komið fram hugmyndir um að hækka sektir og herða viðurlög við notkun ökutækja sem skráð eru úr umferð til að draga enn frekar úr freistingum að þessu leiti. Umferðarstofa hefur beint erindi þessa efnis til dómsmálaráðuneytisins.

*Höfundur er framkvæmdastjóri ökutækjasviðs Umferðarstofu.*

### Haraldur Hrafn Guðmundsson

## Gildismiðar á reynslumerkjum




Um næstu áramót taka í gildi nýjar reglur varðandi notkun reynslumerkja. Helstu breytingarnar varða svokallaða gildismiða, en frá áramótum verða öll reynslumerki að bera slíkan miða. Gildismiðinn er límmiði svipaður skoðunarmiða, en á honum er númer þess almanaksárs sem reynslumerkið er í gildi (05 fyrir 2005, 06 fyrir 2006 o.s.frv.). Efri hluti miðans verður alltaf hvítur í grunninn, en neðri hlutinn í sama lit og skoðunarmiðar sama árs. Á næsta ári verða því öll reynslumerki í notkun að bera gildismiða með ártalinu 05. Ef reynslumerki ber ekki réttan gildismiða verður óheimilt að nota merkin og kemur það þá í hlut lögreglu að fjarlægja merkin og skila þeim inn til Umferðarstofu. Þetta nýja fyrirkomulag er vel til þess fallið að hefta ranga notkun á reynslumerkjum því nú verður auðveldara að fylgjast með því hvort reynslumerki er í gildi eður ei og þannig auðveldara fyrir lögregluna að ná þeim er telja sig geta keyrt um á stolnum eða vanskila reynslumerkjum.

*Höfundur er starfsmaður Umferðarstofu*





1715 / TAKTÍK 23.3'04

**Þinn maður á réttum stað**






Magnús er einn af þeim heppnu sem tekist hafa að sameina áhugamál og vinnu. Hann hefur verið viðloðandi mótorsport í 15 ár og starfað hjá Bílanaust í 10 ár. Magnús er sölufulltrúi kröfuharðra viðskiptavina og kemur áhugamálið sér oft á tíðum vel.

**– þegar áhugamál og vinna fara saman**

Borgartún 26 • Sími: 535 9000

Bílanaust
www.bilanaust.is

## Norræn sakamál 2004

# Þegar áfallið reið yfir

Morten Mortensen líkaði vel að vera þar sem eitthvað var að gerast. Hann var vel liðinn af starfsfélögum, meðal annars vegna þess hve góðu skapi hann var ávallt í, hann var félagslyndur og átti auðvelt með að grínast við starfsfélagana.

Það að nú var júní með sumarleyfið handan við hornið og heiðskíran himininn var ekki til þess fallið að draga úr góða skapinu. Kaffið og umræðurnar voru nú búnar og Morten og tveir félagar hans fóru nú á Oddervej við Kongevejen í H¢jbjerg og stilltu upp radartækjunum og hófu hraðamælingarnar.

Klukkan 09:30 opnaði starfsfólk Jyske Bank við Oddervej í H¢jbjerg bankann. Í íbúðarblokkinni beint á móti bankanum sátu tvær vinkonur í íbúð annarrar og fylgdust með út um gluggann hvað gerðist utandyra.

Klukkan 09:43 tóku þær eftir þremur til fjórum mönnum á leið inn í Jyske Bank. Einn mannanna hafði byssu í hönd og allir voru þeir með óvenjulegar derhúfur á höfði. Þær voru strax vissar um að bankarán væri fyrirhugað og hringdu í lögregluna. Þær hringdu einnig til vinkonu þeirra sem bjó fyrir neðan í blokkinni og sögðu henni að fara að glugganum og fylgjast með því eitthvað væri á seyði í bankanum.

Á lögreglustöðinni í Árósum voru menn strax með á nótunum og í talstöðvarkerfi lögreglunnar var kallað út að bankarán væri í gangi. Allur tiltækur mannskapur var sendur af stað á vettvang samkvæmt ákveðnum reglum.

Morten og félagar hans tveir heyrðu í talstöðinni tilkynninguna um yfirstandandi rán. Morten og annar félaganna, John (nafni breytt), óku strax á mótorhjólum sínum í átt að vettvanginum sem var í minna en kílómeters fjarlægð frá staðnum þar sem þeir voru við hraðamælingar. Þeir voru komnir að bankanum skömmu síðar og John fór í felur bak við limgerði fyrir utan bankann en Morten beygði til hægri inn á Elverdalsvej og ók krókaleið að Kragelunds Allé til að hafa yfirsýn yfir bakhlið bankans. Þeir vildu vera vissir um að ræningjarnir gætu ekki komist á brott og að þeir gætu handtekið þá þegar þeir kæmu út úr bankanum. Þetta var venjuleg vinnuaðferð til að koma í veg fyrir hugsanlega gíslatöku.

Á sama augnabliki og Morten Mortensen ætlaði að beygja inn á bifreiðastæðið bak við bankann ók maður í hvítum fólksbíl þaðan út. Morten varð að snarhemla og var nálægt því að missa jafnvægið og missti handtalstöðina sína. Morten var strax ljóst að maðurinn í bílnum var einn af ræningjunum og þess vegna ákvað hann að fara á eftir bílnum. Við að snúa mótorhjólinu tapaði hann nokkrum sekúndum.

Skömmu síðar kom viðskiptavinur akandi í hvítum sendibíl og stoppaði fyrir utan bankann. Hann ætlaði inn til að ná í skiptimynt en áður en hann gat stigið út úr bílnum komu fjórir menn hlaupandi út úr bankanum. Bíldyrnar voru rifnar upp og ökumanninum kippt út úr bifreiðinni og hent inn í vörurými hennar. Tveir af ræningjunum fóru einnig inn í vörurýmið og ýttu manninum niður í gólfið um leið og þeir ógnuðu honum með skammbyssu. Maðurinn tók eftir að bifreiðinni var ekið á miklu hraða frá bankanum.

Á næstum sömu stundu klukkan 09:48 hringdi vitni í lögregluna og sagði að skotum hafi verið hleypt af á Kragelunds Allé við Dyrbrovej og að mótorhjólalögreglumaður lægi hreyfingarlaus á akbrautinni. Sjúkrabíll var strax sendur á staðinn og fleiri lögreglumenn sendir í áttina frá lögreglustöðinni.

*Úr einni af sögum bókarinnar*

## Útborgun eftirágreiddra desemberlauna

Samkvæmt bréfi frá Fjársýslu ríkisins hefur verið gerð sú tilfærsla á útborgunardegi eftirágreiddra desemberlauna að hann verður frá og með desember 2004 um mánaðamótin des/jan en ekki nokkrum dögum fyrir jól eins og tíðkast hefur.

Breytingin er til frambúðar og miðast útborgunardagurinn framvegis eftir atvikum annaðhvort við síðast virkan dag í desember ár hvert eða fyrsta virkan dag á nýju ári. Í ár verður útborgunardagurinn föstudaginn 31. desember.

*Gleðileg jól*

*Landssamband lögreglumanna óskar félagsmönnum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*

# Pétur Björnsson

# Glostruplögreglan, 1. apríl - 30 júní 2004



Það var töluverður undirbúningur að baki þegar ég, konan og tvö yngstu börnin fórum í endaðan mars til rúmlega þriggja mánaða dvalar til Danmerkur. Tilgangurinn, jú ég ætlaði að starfa með lögreglunni í Glostrup næstu þrjá mánuði og kynna mér starfshætti kollega okkar þar.

Við höfðum fengið aðstoð frá lögreglunni í Glostrup, við að útvega húsnæði, en við fengum leigt hús úti í sveit, eða í um 10 km. fjarlægð frá Hróarskeldu. Húsið var í um það bil 25 mín. akstursfjarlægð frá lögreglustöðinni í Glostrup, en tekið skal fram að heimilisbifreiðin var með í för, hafði verið send út áður með fragtara.

Peter Strhyn, sem á íslensku hefur starfsheitið aðstoðaryfirlögregluþjónn, tók á móti okkur og ók okkur að okkar nýja heimili. Peter var tengiliður minn í þessu verkefni og hafði ég verið í sambandi við hann áður en ég fór að utan og er bara eitt um hann að segja, en hann er frábær. Allt stóð eins og stafur á bók í því sem hann sagði og gerði og kann ég honum bestu þakkir fyrir alla aðstoðina sem hann veitti mér og fjölskyldu minni þarna úti.

Fyrsti dagurinn hjá lögreglunni í Glostrup fór í að kynna fyrir mér lögreglustöðina og umdæmi lögreglunnar, en umdæmi Glostruplögreglunnar nær yfir einar 6 kommúnur, sem tilheyra stór Kaupmannahöfn, það er að segja Bröndby, Glostrup, Ishöj, Albertslund, Vallensbek og Taastrup. Í umdæminu búa um 163 þús. manns og starfsmenn stöðvarinnar eru í kringum 250.

Lögreglustöðin er mikið mannvirki sem var tekin í notkun 1986 og rúmar lögreglu og það sem við köllum sýslumannsembætti. Húsið er byggt með aðstöðu fyrir 200 skrifstofur auk þess sem öll önnur aðstaða sem lögregla þarf er í húsinu sjálfu, svo sem fangaklefar, æfingasalur, skotæfingasalur, bifreiðageymsla og verkstæði, svo eitthvað sé nefnt.



*Greinarhöfundur ásamt Jörn Bro lögreglustjóra í Glostrup.*

Þessa þrjá mánuði sem ég var í Glostrup þá fékk ég tíma með flestum deildum, en að öðrum ólöstuðum þá var tíminn í almennudeildinni, þegar ég gekk vaktir, og tíminn með URO, deild sem sér um fíkniefnamál, boltabullur og rokkaragengi og tíminn með rannsóknardeild, mest spennandi, já og stundum framandi.

Framandi, já eina dagvaktina í almennudeildinni þá vorum við send í heimahús þar sem að gamall maður hafði látist. Læknir var á staðnum sem skrifaði undir dánarvottorð og þá var ekkert eftir nema að hafa samband við son hins látna og láta hann hafa samband við útfararstofu til að ganga frá líkinu. Sonur gamla mannsins bjó í 100 km fjarlægð og sá nú ekki ástæðu til að mæta á svæðið, en hafði samband við einhvern útfararstjóra sem kom nú eftir dúk og disk og fór það ekkert á milli mála að bullandi kaupstaðarlykt var af kauða er hann mætti. Útfarastjóri þessi tók virðulega í hönd okkar og tjáði okkur að það stæði þannig á, að hann gæti ekki tekið líkið með sér núna (ég varð nú ekkert mjög hissa) og að hann væri búinn að fá leyfi frá syni þess látna, að geyma líkið á eldhúsgólfinu fram til morguns. Við fengum þetta staðfest frá syninum og því var farið af vettvangi. Æi ég veit það ekki, en ég er nú ekki farinn að sjá þetta gerast hér á klakanum.

Spennandi var tíminn í rannsóknardeildinni, en þar var ég í hóp sem ber heitið Strandhópurinn, þar fékk ég að vera með í allskonar málum, flestum stórum, því ef lítið spennandi var að gerast hjá mínum hóp, þá vissu hinir hóparnir af mér, en rannsóknardeildinni er skipt í 6 hópa og voru allir mjög duglegir að bjóða mér að koma í skemmtileg og spennandi mál. Þarna fór ég í þjófnaðarmál, ránsmál og vændismál og fékk að taka þátt í stórum aðgerðum þegar var verið að

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

## HÓLMAVÍK

Sýslumaðurinn á Hólmavík, Hafnarbraut 25

## HVAMMSTANGI

B. Ástvaldur Benediktsson, Melavegi 2

Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar sf., Búlandi 1

## BLÖNDUÓS

Gistiheimilið Blönduból, Blöndubyggð 9

Stéttarfélagið Samstaða, Þverbraut 1

Stígandi hf., Húnabraut 29

Sýslumaðurinn á Blönduósi, Hnjúkabyggð 33

Tvisturinn sf., Norðurlandsvegi 1

## SAUÐÁRKRÓKUR

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga, Freyjugötu 9

Hesturinn, Sæmundargötu 3

Héraðsdómur Norðurlands vestra, Skagfirðingabraut 21

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1

K-Tak hf, Borgartúni 1

S.E. verktakar, Fornási 10

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, Suðurgötu 1

Verslun Haraldar Júlíussonar, Aðalgötu 22

## SIGLUFJÖRÐUR

Allinn ehf- sportbar, Þormóðsgötu 11-15

Siglufjarðarkaupstaður, Gránugötu 24

Verslunarfélag Siglufjarðar, Lækjargötu 2

Þormóður Eyjólfsson hf., Aðalgötu 15

## AKUREYRI

Aðstoð sf., Hlíðargötu 1

Arnarfell ehf. verktakar, Sjafnarnesi 2-4

Ásbyrgi - Flóra ehf., Frostagötu 2a

B.M. bílamálun hf., Frostagötu 3b

Bakaríið við Brúna, Dalsbraut 1

Baldur Ragnarsson, rafverktaki, Tungusíðu 4

Bifreiðastöð Oddeyrar, Strandgata

Bifreiðaverkstæði Sig. Valdimarssonar ehf., Óseyri 5a

Bílaver, Draupnisgötu 7L

Blikk og tækniþjónustan hf., Kaldbaksgötu 2

Bæjarverk hf., Óseyri 20

Eldvarnarmiðstöð Norðurlands sf., Austursíðu 2

Fiðlarinn, Skipagötu 14

Gersemi Þróstur ehf. v/Bláa Kannan, Hafnarstræti 96

Greifinn hf., Glerárgötu 20

Héraðsdómur Norðurlands eystra, Hafnarstræti 107

Kaffi Akureyri, Strandgötu 7

Kjúklingastaðurinn Crown Chicken, Skipagötu 12

Ljósgjafinn ehf., Glerárgötu 34

Lostæti ehf., Naustatanga 1 box 234

Lögmannsstofan ehf., Strandgötu 29

Lögmannsstofan Lögmannshlíð, Ráðhústorgi 3

Lögmenn Akureyri ehf., Hafnarstræti 88

Plastás hf., Óseyri 4

Raf, Kaupangi/Mýrarvegi

Rafmenn ehf., Fjölnisgötu 2b

Sparisjóður Norðlendinga, Skipagötu 9

Straumrás hf., Furuvöllum 3

Tréborg ehf., Furuvöllum 1

Trévís ehf., Lerkilundi 8

Trukkurinn ehf, Óseyri 8

Tölvuvinnslan, Hafnarstræti 101

Vaxtarræktin ehf -Íþóttahöllini, v/ Skólastíg

Vörður vátryggingafélag, Skipagötu 9

## GRENIVÍK

Hlaðir hf., Melgötu 6

Sparisjóður Höfðhverfinga, Ægissíðu 7

## GRÍMSEY

Henning Jóhannesson, Höfði

## DALVÍK

Jarðverk hf., Mýrarvegi 2

Sportvík, Skíðabraut 2

Steypustöðin Dalvík ehf., Sunnubraut 11

Sæplast Dalvík ehf., Gunnarsbraut 12

## ÓLAFSFJÖRÐUR

Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

Sýslumaðurinn á Ólafsfirði, Ólafsvegi 3

## HÚSAVÍK

Alli Geira hf., Garðarsbraut 50

Eðalbrauð, Garðarsbraut 15

Fjölfiskur, Sólbrekku 5

G.P.G. fiskverkun ehf., Suðurgerði

Knarrareyri hf., Garðarsbraut 18a

Málningarþjónusta Húsavíkur ehf., Grundargarði 4

Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf., Höfða 2

Sýslumaðurinn á Húsavík, Útgarði 1

Vélaverkstæðið Árteigi, Árteigur Ljósavatnshrepp

Víkurraf ehf., Héðinsbraut 4

## KÓPASKER

Silfurstjarnan hf., Núpsmýri

Vökvaþjónusta Kópaskers ehf., Bakkagötu 6

## RAUFARHÖFN

Véla- og trésmiðja SRS ehf., Aðalbraut 16-22

## ÞÓRSHÖFN

B.J. Vinnuvélar ehf., Hálsvegi 2

BSB Viðgerðir ehf, Stórholti 6

## EGILSSTAÐIR

Bílaverkstæði Borgþórs ehf., Miðási 2

Hagverk ehf, Bjarkargrund 1

Héraðsverk ehf., Miðási 11

Hitaveita Egilsstaða og Fella, Einhleypingi 1

Hótel Valaskjálf, Skógarlöndum 3

Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupvangi 6

Lögmannstofan Regula, Kaupvangi 2

Snarvirki hf., Miðási 11

Trésmiðja Fljótsdalshéraðs hf., Kauptúni 1

Trésmiðja Guðna Þórarinssonar, Mássel

Valkyrjur ehf., Lyngási 5-7

Verslunarmannafélag Austurlands, Miðvangi 2-4

## SEYÐISFJÖRÐUR

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Garðarsvegi 6

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, Bjólfsgötu 7

Vélsmiðjan Stálstjörnur, Fjarðargötu 1

## REYÐARFJÖRÐUR

Kjötkaup hf, Óseyri 1

## ESKIFJÖRÐUR

Lögmannstofa Gísla M. Auðbergssonar, Strandgötu 53

## NESKAUPSTAÐUR

G.T. ehf - Verslunin Vík, Egilsbraut 6

## FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Tölvur og skipatæki ehf., Búðavegi 49

Vöggur ehf., Grímseyri 11

## HÖFN

Krossey hf., Vesturbraut 5

Mikael ehf., Norðurbraut 7

Skeggey ehf., Miðósi 17

Sýslumaðurinn á Höfn í Hornarfirði, Hafnarbraut 36

## SELFOSS

Básinn, veitingastaður, Efstalandi

Bíltak sf, Gagnheiði 51

Borgarhús hf., Minni-Borg, Grímsnesi

Byggingafélagið Drífandi ehf, Gagnheiði 42

Fasteignasalan Bakki ehf., Sigtúni 2

Fossraf ehf., Eyrarvegi 3

Fylgd ehf, Gagnheiði 67

Holræsa- og stífluþjónusta suðurlands, Miðtúni 14

Litla kaffistofan ehf, Svínahrauni,

MA vöruflutningar sf., Suðurengi 27

Meindýravarnir Suðurlands ehf., Gagnheiði 59

Nesey ehf., Suðurbraut 7

Rafmagnsverkstæði Jens Péturs, Laugarás 1

S.G. hús hf., Austurvegi 69

Set ehf., Eyravegi 41

Tetra ehf., Engjavegi 87

Verslunin Ingólfur, Austurvegi 34

Vélsmiðja Suðurlands ehf, Gagnheiði 5

## HVERAGERÐI

Eldhestar ehf. - Vellir Ölfusi, Völlum, Ölfusi

J.S.K. bifreiðaverkstæði ehf., Austurmörk 16c

## ÞORLÁKSHÖFN

Fiskiðjan Ver, Óseyrarbraut 20

Fiskmark ehf., Hafnarskeiði 21

Frostfiskur ehf., Hafnarskeiði 6

Hnotskurn ehf., Óseyrarbraut 22

Steinsteypusögun Snæfelds ehf., Egilsbraut 10

## STOKKSEYRI

Kumbaravogur ehf., Kumbaravogi

## LAUGARVATN

Ásvélar ehf., Hrísholti 11

## FLÚÐIR

Áhaldahúsið Steðji, Smiðjustíg 2

Flúðaleið ehf., Vesturbrún 15

## HELLA

Heflun ehf. Verktakaþjónusta, Lyngholti

## HVOLSVÖLLUR

Jón og Tryggvi hf., Ormsvöllum 3

Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, Austurvegi 6

## VÍK

Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal, Ránarbraut 1

## VESTMANNAEYJAR

Bílaverkstæði Sigurjóns, Flötum 20

Bílaverkstæðið Bragginn sf., Flötum 20

Frár ehf, Hásteinsvegi 49

Gæfa ehf, Illugagötu 7

Huginn ehf, Hrauntúni 48

Olíufélagið hf. Vestmannaeyjum, Básaskersbryggju 6

Ós ehf., Illugagötu 44

Tréverk hf., Flötum 18

Tölvun ehf, Strandvegi 54

handtaka og leita að sönnunargögnum vegna þessara mála. Stærsta málið var, er við fórum til Hróarskeldu og réðumst inn í 7 hús og handtókum fólk tengt Black Cobra samtökunum, sem er undirdeild Banditos gengisins, sem grunað var um að hafa tekið þátt í skotbardaga í Hedehusene, sem er bær í umdæmi Glostruplögreglunnar. Í þessari aðgerð, tóku þátt yfir 100 lögreglumenn og var ég mestallan tímann með stjórnendum aðgerðarinnar og fékk því góða yfirsýn yfir framkvæmd slíkrar aðgerðar.

En þá er nú komið að málinu þar sem að danskurinn fékk nú heldur betur að hlæja að fáfræði minni. Það var þannig að ég fór með Thorben, yfirmanni Strandhópsins, til lögreglunnar í Hvidovre, en þar var samráðsfundur lögreglu vegna vændismáls. Lögregla ætlaði að láta til skara skríða gegn vændishring sem var með rekstur á þremur pútnahúsum víðsvegar á Sjálandi. Notaðar voru ungverskar vændiskonur sem voru ólöglegar inni í landinu á þessum stöðum og var einn þeirra í Albertslund en þangað átti ég að fara inn með Thorben og fleirum. Það kom greinilega fram að aðeins ættu að vera ungverskar vændiskonur starfandi í þessum húsum, ekkert mál. Eftir fundinn fórum við og réðumst þarna inn og það stóðst, ungversk vændiskona var þarna við störf. Við yfirheyrðum þarna einn viðskiptavin, sem sagðist hafa heyrt af þessum stað og að þarna væri hægt að fá einstaklega gott nudd og jú það passaði hann væri einstaklega slappur í bakinu um þessar mundir. En þá var komið að því að leita að öðrum sönnunargögnum. Og þar komst ég í feitt, að ég hélt. Þarna var á spjaldi, einhvers konar verðlisti, en hvað, þar stóð að danish kostaði kr. þetta og spanish kr. þetta og svo var nefnt grískt og franskt og fleira, með verði fyrir aftan. Ég fór með þetta spjald, grafalvarlegur, til Thorben og spurði hvort að þetta varpaði ekki nýju ljósi á málið, greinilega væru ekki bara ungverskar vændiskonur að vinna hér, það væri greinlegt að allra þjóða kvikindi sæu um að veita þessa vinsælu þjónustu. Jæja þar kom bomban, ég hélt að Thorben myndi kafna úr hlátri, hann engdist um og tárin spýttust úr augum hans og ég verð nú að viðurkenna að mér leið ekkert allt of vel, hvað var í gangi. Á milli hlátursrokanna þá stundi hann upp að nú þyrfti hann að tala við mig eins og faðir við son og að hann skyldi nú leiða mig í allan sannleikann um býflugurnar og blómin, (hvað var að manninum, tveimur árum yngri en ég). Hann gat loks stunið upp úr sér að þetta væri nú slangur yfir kynlífsaðferðir, danish væri til dæmis venjulegar samfarir og spanish á milli brjóstanna og svo framvegis. Ég hef nú kannski eitthvað roðnað á meðan Thorben hellti úr viskubrunni sínum yfir mig, en ég þakkaði honum að lokum fyrir að uppfræða mig um danskan kúltúr. Ef ég hef einhvern tíman eitt augnablik haldið að málið væri þar með úr sögunni, þá var það nú aldeilis ekki, því næsta dag þá kom ég ekki á stöðina fyrr en um hádegi, þar sem ég tók þátt í ofannefndri aðgerð í Hróarskeldu um morguninn. Ég fór strax inn í matsalinn, bullandi svangur, en glaður með árangurinn gegn Black Cobra og fékk þá alla springandi í andlitið á mér, því um leið og ég sást í matsalnum, þá byrjuðu hlátrasköllin og skotin, fékkstu franskan frá konunni í gær, á að fá sér spænskann í kvöld og svo framvegis. Thorben hafði náttúrulega tjáð öllum rannsóknardeildarmönnum, á fundi fyrr um morguninn frá vændisvitlausa Íslendingnum og sagan farið eins og eldur í sinu um alla lögreglustöðina. Jæja maður getur nú ekki vitað allt!!!!!


*Strandhópurinn í morgunkaffi.*


*Vopn og fíkniefnaáhöld hjá URO deildinni.*

Þetta er nú svona brot af því sem maður lenti í þarna úti, en dvölin var einstaklega ánægjuleg og fróðleg. Ég tók sérstaklega eftir því hvað danskir lögreglumenn passa upp á að halda virðingu sinni gagnvart fólki og leyfa engum að komast upp með kjafthátt, þá voru menn bara handteknir. En mest var ég hrifinn af því og tel að við getum tileinkað okkur meira, hvað danirnir tala mikið saman. Öll lögreglumálefni eru rædd ofan í kjölinn, hvert verkefni fyrir sig, er rætt af þeim sem voru á vettvangi og stjórnendum eftir aðgerðir og þannig festast hlutirnir í fólki ef þeir eru rétt gerðir og fólk lærir ef þeir eru rangt framkvæmdir. Öllum er gefinn kostur á að koma fram með gagnrýni, án þess að verða útskúfað, það er ekki bara sagt djöfulsins kjaftæði og málið útrætt, heldur er þá rætt um gagnrýnina sem fram kom og málið til lykta leitt á sanngirnis-nótum og jú þeir eru afslappaðri en við.

Ég mæli með því við starfsfélaga mína hér að reyna að gera allt til þess að komast í svona námsferðir, þær þroska mann mikið og auka víðsýni manns, ég þakka þeim sem styrktu mig og aðstoðuðu mig á allan mögulegan hátt að komast þessa ferð. En að lokum takk fyrir lögreglan í Glostrup, þið voruð frábær.

*Höfundur er*
*varðstjóri á Ísafirði*

# Endurbætur á lögreg












# lustöðinni á Akureyri





















Árni Albertsson

# Lögreglukerfið

Nýtt lögreglukerfi, sem leysir af hólmi 6 eldri upplýsingakerfi verður tekið í notkun á næstunni. Þessi kerfi eru dagbók lögreglu, skýrslugerðarkerfi, handtökukerfi, brotamannaskrá, málaskrá lögreglu og málaskrá ákæruvaldsins. Vinna við undirbúning í tengslum við þetta nýja kerfi fór af stað snemma árs 2001 og samið var við Skýrr hf., í kjölfar útboðs, um smíði kerfisins í mars 2003. Forritun hefur staðið yfir frá því í byrjun apríl 2004 og að henni hafa starfað að jafnaði fjórir til sex forritarar hjá Skýrr hf. Af hálfu lögreglunnar hafa um það bil 80 starfsmenn komið að verkinu, ýmist við gerð kröfulýsingar vegna útboðsins og/eða við rýni einstakra hluta forritsins. Gert er ráð fyrir að nýja kerfið hafi alla þá þætti sem gömlu kerfin hafa upp á að bjóða, en síðan var því bætt við sem notendur eldri kerfanna færðu rök fyrir að skorti í eldri kerfunum og nýtt kerfi þyrfti að bjóða upp á.

Daginn sem nýja kerfið verður tekið í notkun, verður lokað fyrir almennan skráningaraðgang í



eldri kerfunum. Meginhluti gagna eldri kerfanna verða flutt yfir í nýja kerfið eða gerð sýnileg þaðan og því í flestum tilvikum hægt að sjá eldri upplýsingar í því. Áfram verður þó um tíma haft opið fyrir fyrirspurnir í eldri kerfunum, en gert er ráð fyrir því að endanlega verði lokað fyrir þau og þau tekin úr notkun að nokkrum mánuðum liðnum.

Víst er að mörgum lögreglumönnum og öðrum starfsmönnum lögreglu bregður við þessar breytingar, annað væri óeðlilegt. Lokað verður fyrir kerfi, sem fjöldi manna hefur unnið við frá því þau voru tekin í notkun, það fyrsta árið 1993, það síðasta árið 1999 og hafin vinna við skráningar og uppflettingar í algjörlega nýju kerfi sem menn verða að gefa sér tíma til að átta sig á og finna sig í. Reynt hefur verið að minnka þessi viðbrigði eins og kostur er og auðvelda fólki að tileinka sér þetta nýja lögreglukerfi með kynningarnámskeiðum. Í nóvember hefur samtals um 820 lögreglumönnum og öðrum starfsmönnum verið boðið upp á fjögurra klukkustunda kynningarnámskeið þar sem kerfið og virkni þess hefur verið útskýrð. Auk þess hafa lögregluembættin tilnefnt sérstaka lykilnotendur, sem sóttu að auki 6 klukkustunda námskeið í notkun kerfisins og á hlutverk þessara lykilnotenda að vera að liðsinna samstarfsmönnum sínum við notkun kerfisins eftir gangsetningu þess.

Þó svo ekki sé ætlunin að fólk skrái ekki að jafnaði meira í nýja kerfinu en í þeim gömlu verða mestu viðbrigðin án efa þau að í stað þess að hafa fyrir framan sig tiltölulega lítinn glugga, líkt og í einu gömlu kerfanna, þá verða allir skráningarmöguleikar úr hinum kerfunum til staðar í skjámyndinni líka. Aðalatriðið er að fólk átti sig á því að þó svo möguleikar séu á öllum skráningum, þá eiga þeir möguleikar ekki við í öllum tilvikum. Þau atriði sem skráð voru vegna hraðakstursbrota í eldri kerfunum verða áfram skráð, en bara annars staðar en í eldri kerfunum. Öll atriðin skráð í sama kerfinu í stað þess að skrá þau í a.m.k. þremur kerfum; dagbók, skýrslugerð og málaskrá.

Ýmsar nýjungar er að finna í lögreglukerfinu; Nafnaskrá, þar sem upplýsingum um alla aðila sem skráðir eru í kerfið er að finna, skráning vakta þar sem



allir sem eru á vakt á tilteknum tíma eru skráðir og sía þannig út úr vallista þar sem velja þarf starfsmenn af fellilistum, skráning áhafna á lögreglutækjum sem gerir kleift að skrá lögreglumennina í áhöfn tækisins sjálfkrafa sem lögreglumenn á vettvangi þegar tækið er skráð. Hægt verður að tengja skjöl og myndir við mál, líkt og viðhengi eru hengd við tölvupóst og hægt að skrá skýringar með viðhengjunum. Myndirnar er síðan hægt að setja inn í lögregluskýrslur með svokölluðu myndabelti. Nákvæm munaskráning er í lögreglukerfinu og hægt að prenta út munaskýrslur, haldlagningarskýrslur, skýrslur um vörsluferil, kvittanir fyrir móttöku afhentra muna o.s.frv.

Spurningar eins og „hvar er dagbókin", „hvar er skýrslugerðin" o.s.frv. verða eflaust algengar. Við því er ekkert að gera annað en að segja fólki að draga tjald að baki sér þegar gömlu kerfunum verður lokað og tileinka sér nýja hugsun: LÖGREGLUKERFIÐ.



Við bókum mál í lögreglukerfið, skráum þar aðila, ökutæki og annað sem við þurfum að skrá vegna verkefna okkar, hengjum við málið skjöl og myndir, vinnum út úr því skýrslur og málunum er síðan lokið með sektarmeðferð eða ákærumeðferð. Í lögreglukerfið verða að jöfnu skráð mál vegna brota og verkefna sem lögreglu ber að rannsaka, sem og almenn verkefni eins og eftirlit og aðstoð við borgarana. Þeim er bara lokið með mismunandi hætti með ferilskráningu.

Án efa munu flestir verða ánægðir með þetta nýja kerfi. Að undirbúningi þess og ákvörðun um viðmót og virkni hafa komið um 80 lögreglumenn og aðrir starfsmenn lögreglu. Þessir



*Greinarhöfundur að kenna lögreglumönnum á Ísafirði.*



*Lögreglumenn og fulltrúi sýslumanns á Ísafirði.*



*Sýslumenn og lögreglumenn á skólabekk.*

starfsmenn hafa verið þverskurður af öllum sem koma til með að nota nýja lögreglukerfið og því ætti það að mæta þörfum og kröfum flestra. Alltaf má búast við að sumir verði ósáttir við lögreglukerfið, bæði viðmót og virkni þess. Þannig er það alltaf þegar nýtt upplýsingakerfi eða önnur tölvukerfi eru tekin í notkun. Þetta fólk vil ég biðja um að koma á framfæri við starfsmenn tölvudeildar RLS því sem það er ósátt við með því að senda tölvupóst á netfangið tolvudeild@rls.is þar sem tilgreint er hvað það er ósátt við, hverju það vill breyta og helst hvernig það telur að atriðin sem það er ósátt við ættu að vera. Ekki láta nægja að tuða ofan í bringuna á sér eða enda með rökræðum og úrtölum við samstarfsmennina. Komið því á framfæri því sem þið eruð ósátt við á málefnalegan hátt og færið rök fyrir og þá verður hægt að bæta úr því. Ekkert tölvukerfi í heiminum hefur skroppið út fullskapað. Öll hafa þau verið þróuð í samspili við notendur sem koma á framfæri því sem þeir eru ósáttir við og tilkynna um atriði sem þeir hafa talið geta komið að gagni.

Jákvæðni er það sem ég vil brýna fyrir fólki við þessar breytingar, eins og allar aðrar óumflúnar breytingar. Gömlu kerfin var ekki hægt að þróa frekar og kröfur um breytingar voru miklar, bæði frá lögreglumönnum og öðru starfsfólki og ekki síst vegna breytinga sem orðið hafa á starfsumhverfi lögreglu í kjölfar laga- og reglugerðabreytinga frá því eldri kerfin voru smíðuð. Það var því óumflýjanlegt að endursmíða lögreglukerfin.

Hafið í huga að sá sem syndir móti straumnum flýtur vanalega stjórnlaust aftur á bak, en sá sem syndir með straumnum nær landi.

Vinnum saman að því að gera lögreglukerfið að því besta sem lögregla í heiminum er að nota. Við verðum þegar komin í fremstu röð um leið og kerfið verður tekið í notkun.

*Höfundur er aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra*

## Viðtal

### Nafn:

# Vignir Örn Oddgeirsson

**Staða: Bifhjólamaður í umferðardeild**

**Lögreglumbætti: Reykjavík**

**Lögreglumaður síðan: Fór í skólann haustið 1998**



**Dagur í vinnunni:** Stærsti hluti starfsins snýst um almenna umferðarlöggæslu, sem er fjölbreytt flóra. Þá sinnum við í umfd einnig árekstrum, opinberum heimsóknum, sjáum um afleysingar í SRD o.fl. Að vinna á bifhjóli er mjög krefjandi en um leið gefandi. Fyrir utan þá hættu sem fylgir því að vera á bifhjóli í umferðinni, þá störfum við mikið einir og þurfum þar af leiðandi að vera sjálfbjarga og sjálfstæðir í úrlausnum verkefna.

**Framtíðarsýnin:** Öflugri og fjölmennari umferðardeild sem sér um allt höfuðborgarsvæðið og þjóðvegaeftirlit.

**Hlynntur eða andvígur sameiningu lögregluembætta á þínu svæði:** Hlynntur.

**Kjarasamningarnir:** Það væri gott ef embættin færu eftir þeim kjarasamningum sem gerðir eru.

**Einkennisbúningurinn:** Myndi vilja sjá einhverja fasta reglu á úthlutun bifhjólafatnaðar eins og er með úthlutun á öðrum einkennisbúningum.



*Umferðardeildarmenn slá á létta strengi á Natófundi.*

## Nýi framkvæmdastjórinn

# Páll Egill Winkel

*Hver er maðurinn og hvað hefur á daga hans drifið?*

Ég er fæddur í Kaupmannahöfn 10. júlí 1973. Móðir mín er Guðný Jónsdóttir ráðherraritari, faðir minn Per Winkel yfirlæknir og bróðir Jón Ólafur Winkel doktor í eðlisfræði. Ég er í sambúð með með Katrínu Árnadóttur hárskera og eigum við tvö börn, Guðnýju Kristínu og Katrínu Pálu. Ég lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1993 og útskrifaðist frá lagadeild Háskóla Íslands 2000. Með námi starfaði ég í lögreglu, fyrst hjá sýslumannsembættinu í Kópavogi en síðar hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Ég hef síðustu fjögur ár starfað hjá Fangelsismálastofnun þar sem ég sinni ýmsum lögfræðilegum málefnum vegna kæra til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, umboðsmanns Alþingis og annarra. Auk þess er ég ábyrgur fyrir öryggismálum í fangelsum ríkisins.

*Nú ertu byrjaður að vinna með LL og hefur verið að mæta á fundi, verðurðu tilbúinn í átökin í vor, þ.e. samningamálin?*

Ég tel að fundir þeir sem við höfum haldið víðs vegar um landið síðustu vikur hafi veitt mér ágætisinnsýn í hvað menn vilja leggja áherslu á í kjaramálum og hvaða atriði í núverandi kjarasamningum orka tvímælis. Þá er framkvæmdastjórn LL vel mönnuð en þar eru menn sem hafa mikla reynslu af samningamálum. Því tel ég að við verðum vel undirbúnir fyrir komandi átök.

*Hvað telur þú að leggja beri áherslu á í komandi samningum?*

Ljóst er að leggja ber áherslu á



að auka vægi grunnlauna í heildarlaunum lögreglumanna. Þá þarf að tryggja að allir lögreglumenn hafi jafnan aðgang að framhaldsnámi við Lögregluskóla ríkisins án tillits til fjárhags þess embættis er þeir starfa við. Mörg önnur mál brenna á lögreglumönnum, svo sem staða einmenningsembætta, fyrirkomulag vaktaálags og fleira. Þar sem ég hef nú ekki enn hafið störf né kynnt mér málin til hlítar treysti ég mér ekki til að setja fram öll þau mál er leggja ber áherslu á í komandi kjarasamningum.

*Hvað hefurðu séð að verði brýnt að vinna í í okkar málum? Þarf að bæta málsmeðferð í málum gegn lögreglumönnum og árásum á lögreglumenn? Bæði í sakamálum og eins öðrum málum?*

Í fyrsta lagi tel ég að LL verði að fylgjast grannt með því að mál vegna árása á lögreglumenn verði afgreidd með viðunandi hætti. Of algengt er að slík mál nái ekki alla leið fyrir dómstóla heldur verði felld niður vegna einhverra ástæðna. Brýnt er að slíkir brotamenn hljóti viðeigandi refsingu og er ég sannfærður um að verði tekið á þeim málum með festu muni vinnuumhverfi lögreglumanna verða tryggara. Ég vil þó taka fram að eitthvað virðist hafa áunnist og menn hljóta dóma fyrir þessi brot þó að vitaskuld væri æskilegt að dómarar nýttu refsirammann betur en raunin hefur verið.

Í öðru lagi þarf að bæta málsmeðferð yfirvalda vegna meintra brota lögreglumanna í starfi. Í þeim tilvikum er til stendur að áminna eða víkja lögreglumanni frá um stundarsakir verður LL að beita sér fyrir því að allar efnis- og formreglur viðeigandi laga, s.s. stjórnsýslulaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, verði virtar. Vonast ég til að lögreglumenn beri það traust til LL að þeir leiti til sambandsins um aðstoð í slíkum tilvikum enda hlutverk þess að sjá til þess að afgreiðsla þeirra verði með réttum hætti.

Í þriðja lagi hef ég orðið þess áskynja að í vissum embættum er vinnuandi meðal starfsmanna þungur. Tel ég að LL verði að aðstoða við að leysa ágreining af þessu tagi. Gott vinnuumhverfi er forsenda þess að lögreglumönnum líði vel í starfi og því ekki síðra hagsmunamál en góð laun fyrir unnin störf.

Á síðasta þingi LL voru gerðar miklar breytingar er miðuðu að því að efla stöðu trúnaðarmanna. Ljóst er að þeir gegna mikilvægu hlutverki í þessu tilliti. Vonast ég eftir farsælu samstarfi við þá í starfi mínu hjá LL.

# Öldungamót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu 2004

Dagana 29. og 30. október 2004 var 22. öldungamót lögreglumanna í knattspyrnu haldið á Hvolsvelli. Níu lið mættu til leiks að þessu sinni.

Tildrög þess að mótið var haldið af okkur Sunnlendingum að þessu sinni á sér smá forsögu. Á síðasta móti sem haldið var á Akureyri var einn Sunnlendingur mættur til leiks. Sunnlendingar höfðu ekki treyst sér til þess að mæta norður með lið nema þessi eini leikmaður. Hann fékk því að spila sem lánsmaður með einu liðanna. Við mótsslit þegar að menn voru orðnir kenndir og misskemmtilegir og liðin voru að hópa sig saman fannst Sunnlendingnum hann dálítið afskiptur. Ákvað hann að grípa til aðgerða til þess að rétta hlut Sunnlendinga sem eðli málsins samkvæmt var frekar rýr á þessu móti. Hafði hann tal af Óskari Bjartmarz, sló sér á brjóst, og óskaði með drafandi röddu eftir að fá að halda næsta landsmót. Óskar var fljótur að sjá sér leik á borði og tilkynnti það um hæl að næsta landsmót yrði haldið af Sunnlendingum. Sunnlendingurinn varð nú hinn kátasti enda höfðu allra augu beinst að honum á meðan Óskar tilkynnti ákvörðun sína enda eini Sunnlendingurinn á staðnum. Þegar líða tók á kvöldið fór Sunnlendingurinn að verða áhyggjufullur um að hann hefði nú kannski verið að lofa upp í ermina á sér enda ekki með neitt umboð frá öðrum Sunnlendingum til þess að taka landsmótið að sér. Pétur Steingrímsson Eyjamaður og Hermann Karlsson Akureyringur tóku að sér að stappa stálinu í Sunnlendinginn og gáfu honum fjölda ráða og fyrirheit um að vera honum innan handar enda þaulvanir mótshaldarar báðir tveir.

Nokkrum mánuðum seinna hringdi Sunnlendingurinn í Óskar Bjartmarz með það í huga að hætta við mótshaldið. Ásakaði hann Óskar um leið um að hafa nýtt sér bágt ástand Sunnlendingsins þetta kvöld. Óskari var ekki haggað, sagði hann að þar sem löngu væri runnið af viðkomandi og honum gefist mörg tækifæri til að hætta við en hann ekki gert það, skipaði hann Sunnlendingnum að bretta nú upp ermar og hefjast handa við undirbúning. Haft var samband við Vestmannaeyjinga sem og Akureyringa og loforð um aðstoð hermt uppá þá. Ekki stóð á því en þegar að líða tók að mótinu helltust bæði þessi lið úr leik og var mikil sjónarsviptir af þeim.

Mótið hófst kl. 16:50 á föstudeginum með því að varðstjóri lögreglunnar á Hvolsvelli, Gils Jóhannson, setti mótið formlega fyrir hönd lögreglustjórans. Kl. 17:00 byrjaði boltinn síðan að rúlla og var leikið fram á kvöld. Oft sáust skemmtileg tilþrif og upp kom skemmtileg hugmynd um hvort lögreglan ætti ekki að hætta að aldursskipta landsmótunum heldur láta þyngdina ráða.

Síðar um kvöldið var haldin kvöldvaka í félagsheimilinu Hvoli þar sem liðin sáu um að skemmta hvert öðru. M.a. skemmtiatriða var uppistand Sigurðar Halldórssonar lögreglumanns frá Akranesi, ónefndur lögreglumaður frá Keflavíkurflugvelli, náskyldur Frank Sinatra, söng af mikilli innlifun og síðast en ekki síst tróð hið frábæra band lögreglunnar í Keflavík upp. Bandið er skipað þeim Hjálmari Hallgrímssyni, Kristjáni F. Geirssyni, Guðmundi Baldurssyni og Karli Hermannssyni og má með sanni segja að þeir hafi slegið rækilega í gegn. Skemmtuninni lauk ekki fyrr en langt var liðið á nóttina þrátt fyrir að einstaka lið hafi drifið sig snemma heim í bólið.

Mótið hófst síðan aftur um hádegisbil daginn eftir en jafnframt var á sama tíma skipulögð dagskrá fyrir maka. Að þessu sinni voru tæplega 30 makar sem mættu með sínum mönnum og hafa þeir sjaldan eða aldrei verið eins fjölmennir. Er það mikið ánægjuefni og vonandi að framhald verið á því og menn taki þessar landsmótshelgar frá og mæti með maka sinn. Makarnir, sem voru allir kvenkyns að þessu sinni, mættu í Sögusetrið á Hvolsvelli þar sem tekið var á móti þeim með rauðvíni og ostum. Þar fræddi umsjónarmaður safnsins þær um Sunnlenska kappa. Mesta athylgi vakti þó fullyrðing umsjónarmannsins um að Dalamenn væri þeir kappar sem mest og best væru vaxnir niður. Það kom líka í ljós að flestar konurnar voru nokkuð vissar um að þeirra menn ættu ættir að rekja til Dalasýslu. Síðar um daginn var farið í rútu um Njáluslóðir og sögufrægir staðir skoðaðir sem og kaffihúsið Langbrók í Fljótshlíð.

Að lokinni spilamennsku á laugardeginum var haldið lokahóf með verðlaunaafhendingu í félagsheimilinu Hvoli þar sem boðið var uppá fordrykk og glæsilegt hlaðborð að hætti veitingamannsins á Hótel Hvolsvelli. Á lokahófið var mættur óvænt en öllum til mikillar ánægju, félagi okkar úr lögregluliði Kópavogs, sem aldrei lætur sig vanta á þessi mót, Þórir Steingrímsson. Þórir er eins og flestum

# Íþróttasamband lögreglumanna

er kunnugt um nýstíginn upp úr erfiðum veikindum og var honum fagnað sérstaklega af mótsgestum.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi:
1.sæti Reykjavík A,
2. sæti Keflavík,
3. sæti Reykjavík B.

Markhæsti leikmaðurinn mótsins var Kristján Freyr Geirsson, Keflavík, með 24 mörk.

Leikmaður mótsins var Runólfur Þórhallsson, Reykjavík.

Dómarar mótsins völdu lið Ísfirðinga sem prúðasta lið mótsins. Sérstaka athygli vakti hinn mikli stuðningur maka Ísfirðinga þar sem konur fóru á kostum í söng og hvatningu.

Björn Bjarmars var heiðraður sérstaklega og fékk forláta Óskarsverðlaunastyttu að gjöf fyrir bestu leikrænu tilburðina á leikvellinum. Björn mun sjálfur sjá um að útskýra valið á sér sem ekki kom neinum viðstöddum á óvart.

Óskar Bjartmars tilkynnti við mótsslit að næta mót yrði haldið af lögreglunni í Reykjavík. Kvöldið endaði síðan með dansleik sem stóð fram á nótt. Við sem stóðum að undirbúningi mótsins erum ánægðir hvernig til tókst. Mótið var ,,ánast'' slysalaust og vonum við að lögreglumenn og makar hafi skemmt sér vel sem er mest um vert.

*Kveðja frá Suðurlandi,*
*Alexander G. Alexandersson*
*Jón Hrafn Hlöðversson*

# Stuttfréttir

Stjórn ÍSL vill þakka Sunnlendingunum þeim Alexander Alexanderssyni, Gúnda, á Klaustri og Jóni H. Hrafnssyni á Selfossi fyrir mótshald á Öldungamóti lögreglumanna í innanhússknattspyrnu, 2004, á Hvolsvelli. Þar var vel að verki staðið og alllir sem þar komu til leiks og skemmtunar höfðu mjög gaman af. Þá ber að þakka fyrir hlut Margrétar Sigurbjörnsdóttur, konu Gúnda, sem hafði veg og vanda af því að sjá um ferð fyrir maka þátttakenda og hafa ofan af fyrir þeim. Mótshaldið og öll umgjörð var til fyrirmyndar og öllum aðstandendum til sóma, hafið þökk fyrir.

Stjórnar- og tækninefndarfundur Norræna lögregluíþróttasambandsins, NPIF, var haldinn í maí s.l. í Stavanger. Fundinn sátu fyrir hönd ÍSL Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson. Var þar helst rætt um framtíð móta Norrænu Sakamálabókarinnar, þ.e. lögregluskólamótsins og handknattleiks- og innanhússknattspyrnumótin. Lög og reglur NPIF og væntanlegt þing Evrópska lögregluíþróttasambandsins, USPE. Ákveðið var að hætta við norðurlandamót lögreglumanna í frjálsum íþróttum og fimmtarþraut sem halda átti í Kaupmannahöfn í ágúst. Ástæðan einfaldlega sú að þátttakan var ekki nægjanleg til að leggja út í slíkt mótshald. Þá kynntu danir áætlun sína að láta fara fram hjólreiðar lögreglumanna frá Osló til Kaupmannahafnar í júní 2005.

Stjórnar- og tækninefndarfundur Norræna lögregluíþróttasambandsins, NPIF, var haldinn í september s.l. í Tavastehus í Finnlandi. Fundinn sátu fyrir hönd ÍSL Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson. Þar var helst rætt um væntanlegt þing Evrópska lögregluíþróttasambandsins, USPE og framboð norðurlandabúa til stjórnar og tækni-





# Íþróttasamband lögreglumanna





nefndar. Þá var rætt um nýjar íþróttagreinar á vegum NPIF og framtíðar skipulag móta Norrænu Sakamálabókarinnar. Lögregluskólamótin verða haldin í Danmörku 2005 og á Íslandi 2006 og keppt skyldi í lögreglufimmtarþraut en að því loknu yrði hugsanlega skipt yfir í aðra íþróttagrein.

Þing Evrópska lögregluíþróttasambandsins, USPE var haldið í Varsjá í Póllandi í október. Fulltrúar ÍSL á þinginu voru Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson. Þar bar helst til tíðinda að Lena Thureson ritari í sænska lögregluíþróttasambandinu var kjörin annar af tveimur varaforsetum sambandsins, fyrst kvenna en hún hafði verið kjörin inn í stjórnina fyrir 2 árum. Einnig má geta þess að í fyrsta skipti í nokkur ár virtist sem íþróttir og íþróttamenn væru það sem málin snerust um en ekki valdabrölt og plott. Hafði ég það að orði við ritara sambandsins að mér fyndist gamli góði USPE andinn vera að koma aftur en það er einmitt hann sem skiptir þar mestu um.

Í tengslum við stjórnar- og tækninefndarfund Norræna lögregluíþróttasambandsins, NPIF, í Tavestahus í september s.l. notuðu Finnar tækifærið og heiðruðu nokkra norræna aðila fyrir störf að íþróttamálum lögreglumanna.

Óskar Bjartmarz var sæmdur gullmerki Finnska lögregluíþróttasambandsins fyrir störf að íþróttamálum lögreglumanna á Norðurlöndum og eins í Evrópu en hann hefur setið í stjórn NPIF frá árinu 1983 og verið formaður sambandsins 1989 - 1991 og 1999 - 2001, Óskar sat einnig í stjórn evrópska lögregluíþróttasambandsins, USPE, árin 1996 - 2002. Guðmundur St. Sigmundsson var sæmdur silfurmerki Finnska lögregluíþróttasambandsins fyrir störf að íþróttamálum lögreglumanna á Norðurlöndum en hann hefur setið í tækninefnd NPIF frá árinu 1998.

## Mótalisti 2005

**Landsmót: Umsjón/mótsstaður dags.**
Innanhússknattspyrna Ríkislögreglustjórinn
Öldungamót innanhússkn. Reykjavík
Golf Vestmannaeyjar ágúst
Skotfimi Keflavíkurflugvöllur
**Norðurlandamót:**
Skotfimi Noregur/Nord Trondlag 29. ágúst. – 02. sept.
Golf Noregur/Sarpsborg 07. – 11. sept.
Víðavangshlaup Svíþjóð október
**Evrópumót:**
Körfuknattleikur (undanriðill) Wales/Cardiff 11. – 13. mars
Körfuknattleikur (úrslit) Kýpur 21. – 26. nóv.
**Önnur mót:**
Lögregluskólamót NS Danmörk maí
Hjólreiðar Osló – Kaupmannahöfn 06. – 09. júní

Tetra ÍSLAND

Landsbankinn

Morgunblaðið

# Dagpeningar og akstursgjald innanlands

**Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins sem hér segir:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Gisting og fæði í einn sólarhring | Kr. 13.100 |
| 2. | Gisting í eina nótt | 7.500 |
| 3. | Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag | - 5.600 |
| 4. | Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag | - 2.800 |

**Dagpeningar þessir gilda frá og með 1. nóvember 2004.**

## Akstursgjald ríkisstarfsmanna:

| | | | |
|---|---|---|---|
| ***Almennt gjald*** | | | |
| Fyrstu 10.000 km | Kr. | 62,00 | pr. km. |
| Frá 10.000 til 20.000 km | - | 56,00 | - |
| Umfram 20.000 km | - | 49,50 | - |
| ***Sérstakt gjald*** | | | |
| Fyrstu 10.000 km | - | 71,30 | - |
| Frá 10.000 til 20.000 km | - | 64,40 | - |
| Umfram 20.000 km | - | 56,92 | - |
| ***Torfærugjald*** | | | |
| Fyrstu 10.000 km | - | 89,90 | - |
| Frá 10.000 til 20.000 km | - | 81,20 | - |
| Umfram 20.000 km | - | 71,78 | - |

**Ákvörðun þessi gildir frá og með** 1. nóvember 2004.

## Dagpeningar erlendis:

| ***Almennir dagpeningar*** | | ***Gisting*** | ***Annað*** | ***Samtals*** |
|---|---|---|---|---|
| London, New York, | | | | |
| Washington DC og Tokio | SDR | 145 | 110 | 255 |
| Annars staðar | SDR | 110 | 100 | 210 |

| ***Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa.*** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| London, New York, | | | | |
| Washington DC og Tokio | SDR | 93 | 70 | 163 |
| Annars staðar | SDR | 70 | 64 | 134 |

**Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. júní 2004.**

## Starfaflokkar

1. Afleysingamaður A-1

2. Héraðslögreglumaður:
   - Grunnröðun A-4

3. Lögreglunemi:
   - Grunnröðun A-4

4. Lögreglumaður:
   - Grunnröðun A-8
   - Við 5 ára starfsaldur A-11
   - Við 10 ára starfsaldur A-14
   - Við 15 ára starfsaldur A-16

5. Aðstoðarvarðstjóri/Sérsveitarmenn:
   - Grunnröðun B-7
   - Við 5 ára starfsaldur B-8
   - Við 10 ára starfsaldur B-9
   - Við 15 ára starfsaldur B-10

6. Rannsóknarlögreglumaður:
   - Grunnröðun (rannsóknarlögreglum. 2) B-7
   - Við 3 ára starfsaldur B-8
   - Við 5 ára starfsaldur B-9
   - Við 10 ára starfsaldur B-10
   - Við 13 ára starfaldur B-11

7. Varðstjóri:
   - Grunnröðun B-8
   - Við 5 ára starfsaldur B-9
   - Við 10 ára starfsaldur B-10
   - Við 13 ára starfsaldur B-11

8. og 9. Aðalvarðstjóri/lögreglufulltrúi:
   - Grunnröðun B-10
   - Við 5 ára starfsaldur B-11
   - Við 10 ára starfsaldur B-12
   - Við 13 ára starfsaldur B-13

10. Aðstoðaryfirlögregluþjónn:
    - Grunnröðun C-15

11. Yfirlögregluþjónn:
    - Grunnröðun C-16

# Landssamband lögreglumanna

Launatafla nr **609** Númer **05**

Gildir frá **1. janúar 2005**

Hlutfall yfirvinnu af mánaðarlaunum er 1,0385%

Full desemberuppbót er 44.429

Full orlofsuppbót er 10.200

Þrepareikningur launafl. Bxx:

1. Þrep Yngri en 30 ára
2. Þrep frá 30 ára aldri (vm.þrep dagvinnu)
3. Þrep frá 35 ára aldri
4. Þrep frá 40 ára aldri
5. Þrep frá 45 ára aldri

Þrepareikningur launafl. Axx:

1. Þrep Yngri en 25 ára
2. Þrep frá 25 ára aldri
3. Þrep frá 30 ára aldri (vm.þrep dagvinnu)
4. Þrep frá 35 ára aldri
5. Þrep frá 40 ára aldri
6. Þrep frá 45 ára aldri

Þrepareikningur launafl. Cxx:

1. Þrep Yngri en 40 ára (vm.þrep dagvinnu)
2. Þrep frá 40 ára aldri
3. Þrep frá 45 ára aldri

| | **Mánaðarlaun** | | | | | | **Tímavinna** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | þrep | | | | | | Dagvinna | Dagvinna eftirlþega | Vaktaálag 33,33% | Vakatálag 55% | Vakatálag 90% |
| Launaflokkur | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | | | | | |
| A01 | 118.890 | 122.483 | 126.185 | 128.078 | 129.999 | 131.949 | 776,04 | 811,49 | 258,65 | 426,82 | 698,44 |
| A02 | 122.483 | 126.185 | 129.999 | 131.949 | 133.928 | 135.937 | 799,49 | 836,01 | 266,47 | 439,72 | 719,54 |
| A03 | 126.185 | 129.999 | 133.928 | 135.937 | 137.976 | 140.046 | 823,66 | 861,28 | 274,53 | 453,01 | 741,29 |
| A04 | 129.999 | 133.928 | 137.976 | 140.046 | 142.147 | 144.279 | 848,55 | 887,32 | 282,82 | 466,70 | 763,70 |
| A05 | 133.928 | 137.976 | 142.147 | 144.279 | 146.443 | 148.640 | 874,20 | 914,14 | 291,37 | 480,81 | 786,78 |
| A06 | 137.976 | 142.147 | 146.443 | 148.640 | 150.870 | 153.133 | 900,62 | 941,77 | 300,18 | 495,34 | 810,56 |
| A07 | 142.147 | 146.443 | 150.870 | 153.133 | 155.430 | 157.761 | 927,85 | 970,23 | 309,25 | 510,32 | 835,07 |
| A08 | 146.443 | 150.870 | 155.430 | 157.761 | 160.127 | 162.529 | 955,89 | 999,55 | 318,60 | 525,74 | 860,30 |
| A09 | 150.870 | 155.430 | 160.127 | 162.529 | 164.967 | 167.442 | 984,78 | 1.029,77 | 328,23 | 541,63 | 886,30 |
| A10 | 155.430 | 160.127 | 164.967 | 167.442 | 169.954 | 172.503 | 1.014,55 | 1.060,89 | 338,15 | 558,00 | 913,10 |
| A11 | 160.127 | 164.967 | 169.954 | 172.503 | 175.091 | 177.717 | 1.045,22 | 1.092,96 | 348,37 | 574,87 | 940,70 |
| A12 | 164.967 | 169.954 | 175.091 | 177.717 | 180.383 | 183.089 | 1.076,81 | 1.126,00 | 358,90 | 592,25 | 969,13 |
| A13 | 169.954 | 175.091 | 180.383 | 183.089 | 185.835 | 188.623 | 1.109,36 | 1.160,03 | 369,75 | 610,15 | 998,42 |
| A14 | 175.091 | 180.383 | 185.835 | 188.623 | 191.452 | 194.324 | 1.142,89 | 1.195,09 | 380,93 | 628,59 | 1.028,60 |
| A15 | 180.383 | 185.835 | 191.452 | 194.324 | 197.239 | 200.198 | 1.177,43 | 1.231,22 | 392,44 | 647,59 | 1.059,69 |
| A16 | 185.835 | 191.452 | 197.239 | 200.198 | 203.201 | 206.249 | 1.213,02 | 1.268,43 | 404,30 | 667,16 | 1.091,72 |
| B01 | 153.133 | 155.430 | 157.761 | 160.127 | 162.529 | | 955,89 | 999,55 | 318,60 | 525,74 | 860,30 |
| B02 | 157.761 | 160.127 | 162.529 | 164.967 | 167.442 | | 984,78 | 1.029,77 | 328,23 | 541,63 | 886,30 |
| B03 | 162.529 | 164.967 | 167.442 | 169.954 | 172.503 | | 1.014,55 | 1.060,89 | 338,15 | 558,00 | 913,10 |
| B04 | 167.442 | 169.954 | 172.503 | 175.091 | 177.717 | | 1.045,22 | 1.092,96 | 348,37 | 574,87 | 940,70 |
| B05 | 172.503 | 175.091 | 177.717 | 180.383 | 183.089 | | 1.076,81 | 1.126,00 | 358,90 | 592,25 | 969,13 |
| B06 | 177.717 | 180.383 | 183.089 | 185.835 | 188.623 | | 1.109,36 | 1.160,03 | 369,75 | 610,15 | 998,42 |
| B07 | 183.089 | 185.835 | 188.623 | 191.452 | 194.324 | | 1.142,89 | 1.195,09 | 380,93 | 628,59 | 1.028,60 |
| B08 | 188.623 | 191.452 | 194.324 | 197.239 | 200.198 | | 1.177,43 | 1.231,22 | 392,44 | 647,59 | 1.059,69 |
| B09 | 194.324 | 197.239 | 200.198 | 203.201 | 206.249 | | 1.213,02 | 1.268,43 | 404,30 | 667,16 | 1.091,72 |
| B10 | 200.198 | 203.201 | 206.249 | 209.343 | 212.483 | | 1.249,69 | 1.306,77 | 416,52 | 687,33 | 1.124,72 |
| B11 | 206.249 | 209.343 | 212.483 | 215.670 | 218.905 | | 1.287,46 | 1.346,27 | 429,11 | 708,10 | 1.158,71 |
| B12 | 212.483 | 215.670 | 218.905 | 222.189 | 225.522 | | 1.326,37 | 1.386,96 | 442,08 | 729,50 | 1.193,73 |
| B13 | 218.905 | 222.189 | 225.522 | 228.905 | 232.339 | | 1.366,46 | 1.428,88 | 455,44 | 751,55 | 1.229,81 |
| B14 | 225.522 | 228.905 | 232.339 | 235.824 | 239.361 | | 1.407,77 | 1.472,07 | 469,21 | 774,27 | 1.266,99 |
| B15 | 232.339 | 235.824 | 239.361 | 242.951 | 246.595 | | 1.450,32 | 1.516,56 | 483,39 | 797,68 | 1.305,29 |
| B16 | 239.361 | 242.951 | 246.595 | 250.294 | 254.048 | | 1.494,15 | 1.562,40 | 498,00 | 821,78 | 1.344,74 |
| B17 | 246.595 | 250.294 | 254.048 | 257.859 | 261.727 | | 1.539,31 | 1.609,62 | 513,05 | 846,62 | 1.385,38 |
| B18 | 254.048 | 257.859 | 261.727 | 265.653 | 269.638 | | 1.585,83 | 1.658,27 | 528,56 | 872,21 | 1.427,25 |
| B19 | 261.727 | 265.653 | 269.638 | 273.683 | 277.788 | | 1.633,77 | 1.708,40 | 544,54 | 898,57 | 1.470,39 |
| C01 | 172.503 | 175.091 | 177.717 | | | | 1.060,89 | 1.092,96 | 353,59 | 583,49 | 954,80 |
| C02 | 180.383 | 183.089 | 185.835 | | | | 1.109,36 | 1.142,89 | 369,75 | 610,15 | 998,42 |
| C03 | 188.623 | 191.452 | 194.324 | | | | 1.160,03 | 1.195,09 | 386,64 | 638,02 | 1.044,03 |
| C04 | 197.239 | 200.198 | 203.201 | | | | 1.213,02 | 1.249,69 | 404,30 | 667,16 | 1.091,72 |
| C05 | 206.249 | 209.343 | 212.483 | | | | 1.268,43 | 1.306,77 | 422,77 | 697,64 | 1.141,59 |
| C06 | 215.670 | 218.905 | 222.189 | | | | 1.326,37 | 1.366,46 | 442,08 | 729,50 | 1.193,73 |
| C07 | 225.522 | 228.905 | 232.339 | | | | 1.386,96 | 1.428,88 | 462,27 | 762,83 | 1.248,26 |
| C08 | 235.824 | 239.361 | 242.951 | | | | 1.450,32 | 1.494,15 | 483,39 | 797,68 | 1.305,29 |
| C09 | 246.595 | 250.294 | 254.048 | | | | 1.516,56 | 1.562,40 | 505,47 | 834,11 | 1.364,90 |
| C10 | 257.859 | 261.727 | 265.653 | | | | 1.585,83 | 1.633,77 | 528,56 | 872,21 | 1.427,25 |
| C11 | 269.638 | 273.683 | 277.788 | | | | 1.658,27 | 1.708,40 | 552,70 | 912,05 | 1.492,44 |
| C12 | 281.955 | 286.184 | 290.477 | | | | 1.734,02 | 1.786,43 | 577,95 | 953,71 | 1.560,62 |
| C13 | 294.834 | 299.257 | 303.746 | | | | 1.813,23 | 1.868,04 | 604,35 | 997,28 | 1.631,91 |
| C14 | 308.302 | 312.927 | 317.621 | | | | 1.896,06 | 1.953,37 | 631,96 | 1.042,83 | 1.706,45 |
| C15 | 327.221 | 332.129 | 337.111 | | | | 2.012,41 | 2.073,23 | 670,74 | 1.106,83 | 1.811,17 |
| C16 | 347.301 | 352.511 | 357.799 | | | | 2.135,90 | 2.200,46 | 711,90 | 1.174,75 | 1.922,31 |
| C17 | 368.613 | 374.142 | 379.754 | | | | 2.266,97 | 2.335,49 | 755,58 | 1.246,83 | 2.040,27 |

# LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA ÞAKKAR EFTIRTÖLDUM FYRIRTÆKJUM STUÐNINGINN

B&L

Flytjandi
- á réttri leið

HITAVEITA SUÐURNESJA

Orkuveita Reykjavíkur

AALBORG PORTLAND ÍSLAND HF

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið

Esso

spron

Útfararþjónustan

ÍSTAK

TRADE EGILS MARK

NETTÓ
Kemur á óvart!

Bakarameistarinn

SÍMINN

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

sph SPARISJÓÐURINN
Sími: 550 2000 | www.sph.is

UMFERÐARSTOFA


## Þegar andlát ber að höndum

Útfararstofan annast meginhluta allra útfara á höfuðborgarsvæðinu.
Þar starfa nú 15 manns við útfararþjónustu og kistuframleiðslu.

*Alúðleg þjónusta sem byggir á langri reynslu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf.**

Vesturhlíð 2 – Fossvogi – Sími 551 1266 – www.utfarastofa.com

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA




Gísli B. / EFLIR / SKÓP



# Svo í borg sé leggjandi!

Einkabílum hefur fjölgað gríðarlega á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Þessi fjölgun er örari en svo að aukning bílastæða, sérstaklega í miðborginni, dugi til. Aukinni þörf fyrir að leggja bílum á miðborgarsvæðinu verður að svara með tvennum hætti: Annars vegar með **stæðisvali ökumanns** í samræmi við erindi og tíma. Hins vegar með **fjölgun bílastæða** og **breyttri gjaldskrá** sem m.a. skapar fleiri vel staðsett skammtímastæði.

Bílastæðasjóður kynnir **breytingar á bílastæðum í miðborginni**. Markmiðið er að mæta þörfum vegfarenda til að stæðin og tíminn nýtist þeim betur.

- Skammtímastæðum á svæðinu hefur verið **fjölgað um 187**.
- **Gjaldsvæðin eru þrjú** (sjá mynd). Dýrara er að leggja við aðalgötur en ódýrara eftir því sem fjær dregur.
- Mælar taka fleiri mynttegundir. Bæði miða- og stöðumælar taka nú **10, 50 og 100 kr. mynt**.




Bílastæðasjóður